

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. júní 2022

Mál nr. E-3963/2018:

Lyfjablóm ehf.

(Jón Þór Ólason lögmaður)

gegn

Þórði Má Jóhannessyni

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

og Sólveigu Guðrúnu Pétursdóttur

(Ragnar H. Hall lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 12. nóvember 2018 og tekið til dóms 11. maí 2022. Stefnandi er Lyfjablóm ehf., Grundarlandi 3, Reykjavík. Stefndu eru Þórður Már Jóhannesson, Heimalind 24, Kópavogi, og Sólveig Guðrún Pétursdóttur, Fjólugötu 1, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum 2.300.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. september 2013 til 27. desember 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að álitum að mati dómsins, auk vaxta og dráttarvaxta. Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmd til að greiða málskostnað.

Stefndi Þórður Már Jóhannesson krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað. Stefnda Sólveig Guðrún Pétursdóttir krefst þess aðallega að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefst hún þess að stefnanda verði gert að greiða henni málskostnað, hver sem úrslit málsins verða.

Dómari tók við meðferð málsins 14. janúar 2021 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Málsatvik

Stefnandi máls þessa, Lyfjablóm ehf. (áður Björn Hallgrímsson ehf.), var á árunum 2005 til 2008 í jafni eigu fjögurra systkina sem erfðu félagið við fráfall föður þeirra. Systkinin voru þau Áslaug, Emilía Björg, Kristinn og Sjöfn Björnsbörn. Kristinn var í fyrirsvari fyrir eigendur félagsins en öll systkinin sátu í stjórn þess sem og dóttur- og dótturfélaga sem voru í eigu stefnanda. Kristinn lést 31. október 2015 og situr ekkja hans, stefnda Sólveig Guðrún Pétursdóttir, í óskiptu búi eftir eiginmann sinn. Stefnandi var eigandi dótturfélaganna Eignarhaldsfélagsins SKE ehf. og Eignarhaldsfélagsins SK ehf. sem hvort um sig stofnuðu nánast samnefnd dótturfélög, Eignarhaldsfélagið SKE II ehf. og Eignarhaldsfélagið SK II ehf. haustið 2006. Síðastnefndu félögin tvö, auk MK-44 II ehf. og Suðureyjar ehf., keyptu allt hlutafé einkahlutafélagsins Þúfubjargs 16. október 2006 af Fjárfestingafélaginu Brekku ehf. með það fyrir augum að koma á laggirnar fjárfestingafélagi en nafni þess félags var í kjölfarið breytt í Gnúp fjárfestingafélag hf.

Forsvarsmaður félaganna MK-44 II ehf. og Suðureyjar ehf. var Magnús Kristinsson. Forsvarsmaður Fjárfestingafélagsins Brekku ehf. var stefndi Þórður Már Jóhannesson.

Seljandi Þúfubjargs ehf., Fjárfestingafélagið Brekka ehf., mun hafa eignast félagið 7. júlí 2006 er það var nýstofnað. Stefndi Þórður Már, bar um fyrir dómi að hugmynd hans með kaupunum hefði verið að stofna fjárfestingafélag í félagi með áhugasömum fjárfestum sem hann hefði kynnt hugmyndina fyrir. Þar á meðal voru Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson en hann hefði kynnst þeim í fyrra starfi sínu sem forstjóri Straums-Burðaráss hf. þar sem félög sem þeir veittu forstöðu höfðu verið í viðskiptum sem hefðu gengið vel og þeir báðir verið í stjórn Straums-Burðaráss hf. Stefndi jók hlutafé félagsins úr 500.000 krónum í 100.000.000 króna.

Með tveimur kaupsamningum, sem gerðir voru 16. október 2006, seldi Fjárfestingafélagið Brekka ehf. allt hlutafé Þúfubjargs ehf. Annars vegar 50% til félaga undir stjórn Magnúsar Kristinssonar og hins vegar samtals 50% hlutafjár í Þúfubjargi ehf., til nýstofnaðra dótturdótturfélaga stefnanda, þar af 17,22% til Eignarhaldsfélagsins SKE II ehf. fyrir 275.602.032 krónur og 32,78% til Eignarhaldsfélagsins SK II ehf. fyrir 524.397.968 krónur. Kaupverð samkvæmt samningunum tveimur var þannig 800.000.000 króna. Undir kaupsamningana rituðu systkinin fjögur sem voru hluthafar stefnanda fyrir hönd kaupendanna sem stjórnarmenn. Fyrir liggur að félög Magnúsar greiddu sama verð fyrir 50% hlutafjár þannig að heildarsöluverð hlutafjár félagsins hafi numið 1.600.000.000 krónum.

Gengið var frá kaupunum á fundi sem haldinn var á heimili Emilíu Björnsdóttur, eins stjórnarmanna og hluthafa stefnanda. Viðstaddir þann fund voru meðal annarra allir stjórnarmenn og hluthafar stefnanda, stefndi Þórður Már, Magnús Kristinsson, sem og tveir lögmenn sem voru fundarmönnum til ráðgjafar auk þess sem annar annaðist fundarstjórn og hinn ritun fundargerðar. Á sama fundi, beint í kjölfar kaupanna, var haldinn hluthafafundur í Þúfubjargi ehf.

Tilgreint var í fundargerð fundarins að mætt væri fyrir alla hluthafa í félaginu og þeir taldir upp, Eignarhaldsfélagið SKE II ehf., Eignarhaldsfélagið SK II ehf., MK-44 II ehf. og Suðurey ehf. Á dagskrá fundarins voru meðal annars tillögur um að breyta félaginu í hlutafélag og hlutafé þess samhliða hækkað úr 599.500 hlutum í 33.053.621 hlut og miðað við gengið 1000 á hlut, tillaga um nýjar heildarsamþykktir félagsins og tillaga um kosningu stjórnar. Bókað var í fundargerð að farið hefði verið í gegnum hinar nýju samþykktir sem lágu fyrir á fundinum af hálfu fundarstjóra. Í þeim samþykktum var tilgreint að tilgangur félagsins væri kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Tillögurnar voru allar samþykktar samhljóða.

Bókað var í fundargerð að eftirtaldir aðilar myndu skrá sig fyrir hlutafjárhækkuninni: Framangreind dótturdótturfélög stefnanda og MK-44 II ehf. og Suðurey ehf. auk Fjárfestingafélagsins Brekku II ehf. Forsvarsmáður þess félags var stefndi Þórður Már Jóhannesson Fram kemur í fundargerð fundarins að Eignarhaldsfélagið SKE II ehf., Eignarhaldsfélagið SK II ehf., MK-44 II ehf. og Suðurey ehf. hafi greitt fyrir hlutafjárukninguna með hlutabréfum í FL Group hf. og Kaupþingi banka hf. en Fjárfestingafélagið Brekka II ehf. með reiðufé. Lagt var til grundvallar að nettóverðmæti hlutafjár MK-44 II ehf. og Suðureyjar ehf. að frádregnum áhvílandi skuldum næmi 18.165.730.000 krónum eða sem nam 54,97% af heildarhlutafé Þúfubjargs hf. Verðmæti hlutafjár Eignarhaldsfélagsins SKE II ehf., Eignarhaldsfélagsins SK II ehf. að frádregnum áhvílandi skuldum næmi 12.887.891.000 krónum eða 38,99% af heildarhlutafé Þúfubjargs hf. Verðmæti hlutafjár Fjárfestingafélagsins Brekku II ehf. næmi 2.000.000.000 króna eða sem nam 6,05% af heildarhlutafé. Rétt er að taka fram að hlutfall hlutafjár MK-44 II ehf. er tilgreint í fundargerðinni sem 0,01% of hátt, ætti að vera 34,34% og mynda samtöluna 54,96% með hlutafé Suðureyjar ehf. Um augljósa villu er að ræða.

Með fundargerðinni fylgdi svonefnd sérfræðiskýrsla KPMG Endurskoðunar hf. er fól í sér yfirlýsingu endurskoðanda um að þau verðmæti sem lögð hefðu verið fram af

hluthöfum svöruðu að minnsta kosti til 25% verðmæta nýrra hluta. Þá var greint frá því hvert markaðsvirði hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. hefði verið á tilgreindum degi og getið um greiðslu Fjárfestingafélagsins Brekku II ehf. á reiðufé. Ekki var vikið að verðmæti hlutabréfa FL-Group hf. enda getið um það í fundargerð hluthafafundarins að framsal þess hlutafjár til Þúfubjargs ehf. væri háð leyfi regluvarðar FL Group hf. sem fram kom fyrir dómi að hefði ekki fengist strax vegna innherjastöðu Kristins Björnssonar sem stjórnarmanns í FL Group hf. Tekið var fram í fundargerðinni, þar sem gerð var grein fyrir hlutafjánhækkuninni, að samþykkt hefði verið að yfirtaka skuldir við þrjá banka sem hvíldu á þeim eignum sem framseldar yrðu við greiðslu hlutanna.

Samhliða kaupum hlutafjár Þúfubjargs ehf. og samþykki framangreindra tillagna er luttu að breytingum á félaginu gerðu hluthafar þess með sér hluthafasamning. Meðal ákvæða í þeim samningi var ákvæði sem kvað á um að í félaginu væru starfandi þrír hluthafahópar, sem svo voru nefndir, þar sem meðal annars skyldi litið á SK og SKE sem einn hluthafahóp sem Kristinn Björnsson væri í fyrirsvari fyrir. Óumdeilt er að með þessum skammstöfunum sé vísað til dótturfélaga stefnanda. Tiltekið var hverjir hefðu verið kosnir í stjórn félagsins, þar á meðal Kristinn, en einnig var tilgreint að hluthafahópurinn sem hann væri í fyrirsvari fyrir skyldi á hverjum tíma tilnefna einn stjórnarmann til setu í stjórn félagsins og hið sama gildi um aðra hluthafahópa. Sérstakt ákvæði kvað á um að stjórn félagsins væri ekki ályktunarhæf nema Kristinn og Magnús Kristinsson væru viðstaddir eða fulltrúar þeirra og að mál sem borin væru upp á stjórnarfundum yrðu að vera samþykkt af þeim tveimur. Allir hluthafar stefnanda rituðu undir þennan samning.

Meðal framlagðra gagna er svonefndur stofnefnahagsreikningur fyrir Gnúp fjárfestingafélag hf. sem er dagsettur 16. október 2006, er félagið hét raunar enn Þúfubjarg hf. Reikningurinn er undirritaður af stefnda Þórði Má og staðfestur af KPMG Endurskoðun hf. Hlutfallsleg eign hlutafjár hvers hluthafa er þó önnur en greinir í fundargerð hluthafafundar sem fram fór sama dag. Í efnahagsreikningnum er gerð grein fyrir skammtímaskuldum við lánastofnanir að fjárhæð 1.997.391.000 krónur. Fyrir dómi kom fram af hálfu endurskoðanda félagsins, sem útbjó stofnefnahagsreikninginn, að meðal skammtímaskulda væru lán vegna kaupa á hlutafé Þúfubjargs ehf. í öndverðu en þau hefðu verið yfirtekin samhliða greiðslu hlutafjánhækkunar sem fram fór með framsali hlutabréfa, eins og áður er rakið, þar sem þau hefðu verið tryggð með veði í hinum framseldu hlutabréfum.

Annað skjal sem ber heitið stofnefnahagsreikningur liggur einnig fyrir í nafni Þúfubjargs ehf. sem er einnig dagsettur 16. október 2006. Það skjal er óundirritað. Hlutfallsleg eign hlutafjár hvers hluthafa er þó önnur en á undirrituðu eintaki stofnefnahagsreikningsins og einnig önnur en greinir í fundargerð hluthafafundar sem fram fór sama dag auk þess að í stað félagsins Suðureyjar ehf. er Smáey ehf. talið meðal hluthafa. Í efnahagsreikningnum í því skjali er gerð grein fyrir skammtímaskuldum við lánastofnanir að fjárhæð 1.600.000.000 króna. Í framburði endurskoðanda Gnúps fjárfestingafélags hf. fyrir dómi kom fram að skjal þetta fæli í sér drög að stofnefnahagsreikningi sem svo hafi verið nánar útfærður þegar nákvæmari upplýsingar hefðu legið fyrir, til dæmis um áfallna vexti á áhvílandi lánum sem yfirtekin hafi verið samhliða því að hlutabréf voru afhent sem fólu í sér hlutafjárhækkun Þúfubjargs ehf. Þeir ógreiddu vextir hefðu bæst við skammtímaskuldir í stofnefnahag félagsins.

Fyrir liggur að stefnandi fjármagnaði kaup hlutafjárins í Þúfubjargi ehf. af Fjárfestingafélaginu Brekku ehf. með skammtímaláni sem hann tók í því skyni í Glitni banka hf. 16. október 2016 til um það bil 10 daga að fjárhæð 800.000.000 króna.

Meðal dómskjala er reikningsyfirlit sem óumdeilt er að feli í sér að hluta til hreyfingar á bankareikningi Þúfubjargs ehf./Gnúps fjárfestingafélags hf. á tímabilinu 13. október 2006 til 29. desember 2006. Fram kemur að Fjárfestingafélagið Brekka II ehf. greiddi inn á bankareikninginn þrjár greiðslur 23. október 2006, tvær að fjárhæð 800.000.000 króna og eina að fjárhæð 400.000.000 króna, samtals 2.000.000.000 króna sem fólu í sér hlutafjárframlag þess fyrirtækis í samræmi við hlutafjárhækkun Gnúps fjárfestingafélags hf. Þá kemur fram að Eignarhaldsfélaginu SK ehf. og Eignarhaldsfélaginu SKE ehf. hafi samtals verið greiddar 800.000.000 króna 24. október 2006 samkvæmt handritun á skjalið og MK-44 ehf. og ónafngreindum aðila einnig sama fjárhæð þennan dag. Fyrir liggja yfirlit bankareikninga hjá Eignarhaldsfélaginu SK ehf. og Eignarhaldsfélaginu SKE ehf. þar sem innborganir þessar koma fram og jafnframt að þær fjárhæðir hafi verið greiddar út sama dag. Hluthafar Gnúps fjárfestingafélags, Eignarhaldsfélagsins SK II ehf. og Eignarhaldsfélagsins SKE II ehf. fengu greiðslur þessar þannig ekki greiddar heldur móðurfélög þeirra. Fyrir liggja reikningsyfirlit tveggja bankareikninga stefnanda og staðfestingar Glitnis banka hf. er lúta að láni þessu þar sem fram kemur að stefnandi greiddi bankanum 800.000.000 króna þennan sama dag en áfallnir vextir vegna lánalínunnar voru greiddir 6. desember 2006. Sú skýring var færð fram fyrir dómi á því hvers vegna þessi háttur hefði verið hafður á að Þúfubjarg ehf. hefði ekki verið komið í

viðskipti við Glitni banka hf. á þessum tíma og ekki hefði gefist ráðrúm til að ganga frá skuldskeytingu lánsins yfir á nafn þess félags og því gripið til þess ráðs að greiða fjárhæðina inn á reikninga móðurfélaga hluthafanna.

KPMG Endurskoðun hf. sendi Fyrirtækjaskrá tilkynningu 27. október 2006 þar sem komið var á framfæri þeirri ákvörðun hluthafafundar Þúfubjargs ehf. að breyta nafni félagsins í Gnúpur fjárfestingafélag hf.

Á hluthafafundi sem haldinn var 12. desember 2006 var ákveðið að lækka hlutafé Gnúps fjárfestingafélags hf. um 1.538.339 að nafnverði, úr 33.053.621 krónu í 31.515.282 krónur. Fólst lækkunin í lækkun fyrirbyggjandi hlutafjárloforða sem hluthafar skráðu sig fyrir við stofnun félagsins, eins og það var orðað. Fyrir liggur að greiddar voru til samstæðu stefnanda 800.000.000 króna af þessu tilefni en stefnandi greiddi þá fjárhæð til hluthafanna fjögurra í samræmi við jafna hlutafjáreign þeirra. Ekki var tilkynnt um þessa lækkun til Fyrirtækjaskrár fyrr en með bréfi dagsettu 7. mars 2007.

Í samræmi við hluthafasamkomulag sem gert var á milli hluthafa samhliða kaupum á félaginu, þar sem kveðið var á um að enginn hluthafi skyldi eiga meira en 50% hlutafjár, gengu hlutabréf kaupum og sölum, einkum á milli Eignarhaldsfélagsins SK ehf. og Eignarhaldsfélagsins SKE ehf. annars vegar og MK-44 II ehf. og Suðureyjar ehf. hins vegar.

Í ársreikningi Gnúps fjárfestingafélags hf. fyrir árið 2006, sem var undirritaður 26. janúar 2007, kemur fram í skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra að hlutafé félagsins væri 29.800.000.000 króna og væri í eigu fimm aðila, Eignarhaldsfélagsins SK ehf. og Eignarhaldsfélagsins SKE ehf. sem saman áttu 46,4%, MK-44 II ehf. og Suðureyjar sem saman áttu 46,5% og Fjárfestingafélagsins Brekku II ehf. sem átti 7,1%. Svonefnt innleyst tap nam 189.100.000 krónum en að teknu tilliti til óinnleysts hagnaðar að fjárhæð 2.125.600.000 krónur næmi heildarhagnaður félagsins 1.936.500.000 króna. Undir ársreikninginn rituðu meðal annarra Kristinn Björnsson sem formaður stjórnar og stefndi Þórður Már sem forstjóri. Stefndi Þórður Már var síðan kjörinn í stjórn 15. febrúar 2007.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber heitið árshlutareikningur miðað við 30. júní 2007 fyrir Gnúp fjárfestingafélag hf. Skjalið er ódagsett og óundirritað. Gerð var sams konar grein fyrir hlutafjáreign í félaginu eins og í ársreikningi fyrir árið 2006. Fram kemur að innleystur hagnaður félagsins á árinu næmi 2.523.800.000 krónum en að teknu tilliti til óinnleysts gengishagnaðar næmi heildarhagnaður félagsins 12.688.500.000 krónum. Eigið fé næmi 44.419.400.000 krónum samkvæmt efnahagsreikningi.

Hluthafafundur í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. var haldinn 5. júlí 2007. Mætt var af hálfu allra hluthafa. Á fundinum voru lagðar fram tillögur um að greiddur yrði arður að fjárhæð 1.900.000.000 króna og félagið keypti eigin hluti að fjárhæð 1.350.000.000 króna. Báðar tillögurnar voru samþykktar einróma. Í hlut dótturfélaga stefnanda komu af þessu tilefni samtals 1.420.992.702 krónur. Þeim fjármunum mun hafa verið ráðstafað til hluthafa stefnanda.

Fundur var haldinn með hluthöfum stefnanda 10. ágúst 2007. Samkvæmt glærुकynningu sem sýnd var fundarmönnum var farið yfir rekstrarreikning á sambærilegan hátt og getur að líta í fyrrgreindum drögum að árshlutareikningi en fjárhæðir bera þess merki að rekstur júlímánaðar hafi að minnsta kosti að hluta verið tekinn með í reikninginn og tók stefndi Þórður Már undir það í skýrslu sinni fyrir dómi. Yfirlit yfir efnahagsreikning var á hinn bóginn það sama og í drögunum. Í kynningunni var fjallað um nýtt húsnæði fyrir rekstur félagsins sem verið væri að standsetja auk þess sem fjallað var um að innlend hlutabréf hafi gefið góða ávöxtun og úrvalsvísitalan hækkað um 25,2% á árinu auk þess sem íslenska krónan hefði styrkst sem næmi 5,6% það sem af væri ári en hefði veikst á liðnum dögum sem myndi þrýsta verði innlendra hlutabréfa niður til skamms tíma en áhrifin væru almennt jákvæð til lengri tíma litið. Raunin reyndist önnur eins og síðar verður vikið að.

Glærुकynning á ensku er meðal framlagðra dómskjala sem hagnýtt mun hafa verið til að kynna Gnúp fjárfestingafélag hf. fyrir fagfjárfestum er leitað var fjármögnunar fyrir félagið. Í kynningunni var meðal annars gerð grein fyrir starfsmönnum, sýn félagsins, hluthöfum þess, eignum og skuldbindingum. Sérstaklega var gerð grein fyrir efndatíma fjárskuldbindinga félagsins (enska: maturity profile) á einni glærunni. Þar var tekið fram að það fælist í eðli fyrirtækis eins og Gnúps fjárfestingafélags hf. að vera fjármagnað með skammtíma fjármögnun. Fjármögnunin var síðan skilgreind annars vegar miðað við þær fjárskuldbindingar sem tilgreindar voru í fyrrgreindum árshlutareikningi (enska: On balance sheet) sem næmu 43.000.000.000 króna og þær flokkaðar eftir tímalengd og hins vegar fjárskuldbindingar sem ekki væru tilgreindar í ársreikningi (enska: Off balance sheet) sem næmu 23.000.000.000 króna sem fælust í framvirkum samningum til lengri tíma en þriggja mánaða.

Hluthafafundur var haldinn 11. nóvember 2007 í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. Mætt var af hálfu allra hluthafa að viðbættum fulltrúa fyrir hönd Smáeyjar ehf. Samþykktar voru tillögur annars vegar um að selja alla eign félagsins í eigin hlutum samtals að söluverði

1.506.903.436 krónur og hins vegar að hækka hlutfé félagsins um 5.108.492 hluti að nafnverði þannig að hlutfé félagsins yrði 36.624.774 krónur að nafnverði. Dótturdótturfélag stefnanda Eignarhaldsfélagið SK II ehf. og dótturfélagið Eignarhaldsfélagið SKE ehf. skráðu sig fyrir nýjum hlutum sem verðlagðir voru að fjárhæð 746.556.453 krónur og keyptu eigin hluti af félaginu með greiðslu að fjárhæð 753.443.547 krónur. Smáey ehf. skráði sig fyrir nýjum hlutum og keypti eigin bréf af félaginu til samræmis við félög stefnanda.

Tilkynning var send til hlutfélagaskrá 7. desember 2007 þar sem gerð var grein fyrir ákvörðun hluthafafundar Gnúps fjárfestingafélags hf. 11. nóvember 2007 um sölu eigin hlutafjár og að hækkunin hafi öll verið greidd með reiðufé til félagsins.

Fyrir liggur að tildrög þessara ákvarðana sem teknar voru á hluthafafundinum hafi verið mikil lækkun á mörkuðum sem leitt hafði til mikillar lækkunar á eigin fé Gnúps fjárfestingafélags hf. Lækkun þessi kom sérstaklega til vegna eignar félagsins í hlutabréfum í FL Group hf. og framvirkum samningum með hlutabréf félagsins en allt frá júlímánuði þá um sumarið hafði verðmæti hlutafjár FL Group hf. lækkað gríðarlega. Lesa má úr gögnum málsins að hlutabréf þess félags hafi lækkað um 40% frá júlímánuði til ársloka 2007. Vegna tapreksturs sem meðal annars leiddi af þessu verðfalli hafði eigið fé Gnúps fjárfestingafélags hf. rýrnað mjög mikið. Sú rýrnun hafði aftur áhrif á veðtryggingar stefnanda gagnvart Glitni banka hf. en stefnandi var þá með útistandandi lán sem fólu í sér heimild til handa bankanum til að kalla eftir frekari tryggingum ef veðsetningarhlutfall hlutabréfa Gnúps fjárfestingafélags hf. í eigu dótturdótturfélaga stefnanda gagnvart eigin fé Gnúps myndi lækka niður fyrir umsamin mörk.

Til þess að fjármagna sinn hlut í þessari hlutafjárhækkun tók stefnandi lán hjá Glitni banka hf. að jafnvirði 1.501.501.502 króna. Af þeirri fjárhæð var 1.500.000.000 króna ráðstafað til Gnúps fjárfestingafélags hf. í því augnamiði að auka við eigið fé félagsins og bæta lausafjárstöðu þess. Eftirstöðvum lánsfjárhæðarinnar var ráðstafað til greiðslu lántökukostnaðar.

Fram kemur í innbyrðis samskiptum starfsmanna Glitnis banka hf. af þessu tilefni, sem getur að líta í dómskjöllum, að lánveitingin feli í sér endurgreiðslu á arðgreiðslu frá í haust eins og það er orðað. Lánið skyldi verða veðtryggt í hlutabréfum í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. en þess getið að verðmæti þess félags hefði verið rokkandi en heildar eigið fé næmi 24 milljörðum króna, 46,6% eignarhlutur dótturdótturfélaga stefnanda næmi 11.184.000.000 króna. Í samskiptunum var fjallað um að miðað væri við að stefnandi skuldaði með þessu

nýja láni samtals 4 milljarða króna. Þegar þannig væri horft á skuldir stefnanda í heild og miðað við 200% veðsetningarhlutfall þyrfti að veðsetja 33,33% hlutafjár Gnúps fjárfestingafélags hf. Sú væri ósk Kristins Björnssonar en ráða má af efni samskiptanna að ólíkar skoðanir hafi verið uppi innan bankans um hana.

Þrír stjórnarmenn stefnanda, sem jafnframt voru þrír af fjórum hluthöfum félagsins, undirrituðu lánessamning þar að lútandi 15. nóvember 2007. Veðsetningarhlutfall hlutafjár Gnúps fjárfestingafélags hf. samkvæmt lánessamningnum nam 43,69% af heildarhlutafé þess félags. Þá var vörslureikningur stefnanda í bankanum handveðsettur sem nýttur var til að greiða stefnanda vaxtatekjur og arðgreiðslur. Tiltakið var í lánessamningum að veðtryggingahlutfall allra lána stefnanda þyrfti að nema 200% af uppreiknuðum eftirstöðvum allra lánanna. Ef veðtryggingahlutfallið færi niður fyrir 175% gæfist stefnanda 14 daga frestur til að færa hlutfallið aftur í fyrra horf. Ef hlutfallið færi niður fyrir 150% gæfust stefnanda þrír dagar til að færa veðsetningahlutfallið til fyrra horfs. Yrði ekki brugðist við tilkynningum bankans er lytu að slíkum úrbótum eða ef eigið fé Gnúps fjárfestingafélags hf. færi undir 13.000.000.000 króna myndi bankinn hafa einhliða heimild til að selja af hinu handveðsetta hlutafé og greiða lánið niður sem þeirri sölu næmi.

Gert var samkomulag milli fimm banka annars vegar og allra hluthafa Gnúps fjárfestingafélags hf. og forsvarsmanna félagsins og hluthafanna hins vegar 8. janúar 2008. Í því fólst í raun að sjálfstæð starfsemi Gnúps fjárfestingafélags hf. var stöðvuð og Glitnir banki hf. tók reksturinn yfir og fékk kauprétt á hlutafé félagsins á eina krónu til 42 mánaða.

Stefnandi gaf út yfirlýsingu 9. janúar 2008 sem allir stjórnarmenn og hluthafar rituðu undir. Tilfnið var að skuldbindingar stefnanda voru umtalsvert umfram þær tryggingar sem Glitnir banki hf. ætti að hafa fyrir skuldbindingunum samkvæmt lánessamningum aðila. Með yfirlýsingunni skuldbatt stefnandi sig til að stofna ekki til fjárfestinga með lántökum af neinu tagi nema með samþykki bankans, allt þar til tryggingastaða stefnanda væri komin í það horf sem samningar aðila gerðu ráð fyrir að því viðlögðu að bankinn gripi til nauðsynlegra fullnustuaðgerða ef út af brygði. Í ljósi þessarar yfirlýsingar var því lýst yfir af hálfu Glitnis banka hf. að stefnandi hefði frest til 15. júlí 2008 til að greiða niður skuldir við bankann. Það skilyrði var sett af hálfu bankans að gengið yrði frá veð- og sölukvöðum á öllum eignum stefnanda og tengdra aðila sem ekki væru þegar veðsettar bankanum.

Haldinn var hluthafafundur í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. 16. janúar 2008 þar sem nýjar samþykktir fyrir félagið voru settar sem fólu í sér að félaginu var breytt í einkahlutafélag

og kosin ný stjórn enda höfðu þá allir stjórnarmenn félagsins sagt sig úr stjórn félagsins. Glitnir banki hf. mun hafa eignast Gnúp fjárfestingafélag ehf. formlega á árinu 2009.

Hluthafar stefnanda gerðu samning við Glitni banka hf. 13. ágúst 2008 þar sem bankanum var selt allt hlutafé í stefnanda. Umsamið kaupverð var fjórar krónur, ein króna fyrir hlut hvers hluthafa. Samkvæmt samningnum ábyrgðust hluthafarnir að ekki væri öðrum skuldum til að dreifa nema við bankann. Glitnir banki hf. lýsti því á hinn bóginn yfir að kaupandi myndi ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hefðu í rekstri stefnanda eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun samningsins og teldi að félög innan samstæðunnar ættu engar kröfur á hendur hluthöfunum. Því var lýst yfir að þessi yfirlýsing væri bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kynnu að eignast hlutafé í stefnanda eða félögum innan samstæðunnar.

Með bréfi dagsettu 8. október 2012 var ríkisskattstjóra tilkynnt um að á stjórnarfundum stefnanda hefði samruni Eignarhaldsfélagsins SK ehf., Eignarhaldsfélagsins SK II ehf., Eignarhaldsfélagsins SKE ehf. og Eignarhaldsfélagsins SKE II ehf. við stefnanda verið staðfestur. Samruninn var miðaður við 1. janúar 2012. Eignarhaldsfélagunum hefði því verið slitið og þess óskað að þau yrðu afskráð. Undir tilkynninguna ritaði stjórnarmaður sem var starfsmaður slitastjórnar Glitnis hf.

Stefnandi var seldur af Glitnir HoldCo ehf. ásamt útistandandi lánum til núverandi hluthafa 4. ágúst 2016 fyrir 1.500.000 krónur. Hluthafinn er sonur Áslaugar Björnsdóttur sem var hluthafi ásamt systkinum sínum þegar fjárfest var í fjárfestingafélaginu Gnúpi hf.

Mál þetta var höfðað 12. nóvember 2018 eins og áður gat. Tekin var ákvörðun af hálfu dómsins 13. mars 2019 með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga um meðferð einkamála að skipta sakarefni málsins þannig að fyrst yrði tekin afstaða til málsástæðna stefndu um fyrningu og tómlæti. Dómur var síðan kveðinn upp 24. nóvember 2019 og stefndu sýknuð. Með dómi Landsréttar í máli nr. 889/2019 frá 11. desember 2020 var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur: Björn Scheving Thorsteinsson af hálfu stefnanda og stefndi Þórður Már Jóhannesson. Skýrslu sem vitni gáfu: Aðalsteinn E. Jónasson, Áslaug Björnsdóttir, Birkir Kristinsson, Emilía Björg Björnsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Scheving Thorsteinsson, Helgi F. Arnarsson, Hermann Eyjólfsson, Magnús Kristinsson, Ragnar Björgvinsson, Ragnar Halldór Hall og Stefán Bergsson.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að fyrrgreind yfirlýsing Glitnis banka hf. í samningi frá 13. ágúst 2008, um að ekki yrðu hafðar uppi kröfur á hendur hluthöfum eftir kaupin, hafi enga þýðingu í málinu gagnvart ábyrgð Kristins Björnssonar. Yfirlýsingin taki einungis til Glitnis banka hf. en sé ekki skuldbindandi fyrir stefnanda. Bankanum hafi ekki verið tækt að skuldbinda síðari eigendur hlutafjárins nema þeir myndu samþykkja slíka skuldbindingu með afdráttarlausum hætti. Enginn samningur þar að lútandi hafi verið gerður við núverandi hluthafa þegar hann keypti félagið. Önnur niðurstaða væri að mati stefnanda í andstöðu við meginreglur laga um greiðan aðgang að dómstólum, sbr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. og 13. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Enn fremur telji stefnandi að sakarefni máls þessa lúti fyrst og fremst að atvikum sem hafi gerst í starfsemi Gnúps fjárfestingafélags hf. og tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir sem hluthafi í því félagi.

Málsástæður til stuðnings kröfu um skaðabætur að fjárhæð 800.000.000 króna.

Stefnandi byggir á því að sett hafi verið upp flétta honum til verulegs tjóns en stefnda Þórði Má til hagsbóta með aðkomu dótturdótturfélaga stefnanda að Þúfubjargi ehf. Stefndi og Kristinn Björnsson hafi skipulagt og framkvæmt þessa fléttu sem hafi falið í sér gjafagerning stefnda Þórði Má til hagsbóta sem klæddur hafi verið í búning viðskipta og framkvæmdur með kaupsamningi. Um hafi verið að ræða þaulskipulagða fléttu sem hafi falið í sér að félög í samstæðu stefnanda hafi í raun fjármagnað hlutafjárframlag stefnda Þórðar í Þúfubjargi ehf. á þann máta að eigið fé þess félags hafi í raun verið minna en gefið hafi verið upp. Þetta hafi verið framkvæmt án vitneskju annarra stjórnarmanna stefnanda á þeim tíma enda hefðu stefnandi og félög hans aldrei tekið þátt í starfsemi Þúfubjargs ehf. ef svo hefði verið.

Á því er byggt að dótturdótturfélög stefnanda hafi keypt hlut í Þúfubjargi ehf. á genginu 16.000 krónur þegar verðmæti hlutafjárins hafi verið 1.000 krónur samkvæmt hlutafjárukningu þann sama dag. Þessi kaup hafi verið fjármögnuð með því að stefnandi hafi tekið peningamarkaðslán til 10 daga hjá Glitni banka hf. að fjárhæð 800.000.000 króna. Stefnandi byggir á því að Kristinn Björnsson hafi tekið lánið án þess að lántakan væri borin undir stjórn stefnanda og án þess að lánið væri bókað í bókhaldi félagsins. Með því hafi verið brotið gegn 47. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 9. gr. bókhaldslaga. Lánsfé þetta hafi ekki verið lagt inn á bankareikning stefnanda heldur á

bankareikning í öðrum banka sem byggt er á að hafi verið í eigu stefnda Þórðar Más eða félaga í hans eigu.

Félagið Brekka II ehf. í eigu stefnda Þórðar Más hafi greitt hlutafjárframlag sitt að fjárhæð 2.000.000.000 króna til Þúfubjargs ehf. 23. október 2006 en á því er byggt af hálfu stefnanda að 800.000.000 króna af því framlagi hafi verið fjármagnaðar með peningamarkaðsláninu sem stefnandi hafi tekið hjá Glitni banka hf.

Stefnandi byggir á því að hann eða félög hans hafi hvorki átt kröfu á hendur Þúfubjargi ehf. 24. október 2006 né verið að kaupa eignir af því félagi eða taka lán hjá því en byggt er á því að greiðsla að fjárhæð 800.000.000 króna frá Gnúpi fjárfestingafélagi hf. hafi í raun falið í sér endurgreiðslu á fjármögnun stefnanda á hlutafjargreiðslu stefnda Þórðar Más í Gnúpi fjárfestingafélagi hf.

Stefnandi telur að fjármagn hafi þannig verði tekið út úr Þúfubjargi ehf. til að fjármagna greiðslu stefnanda á hlutafjárkaupum á yfirverði af félagi í eigu stefnda Þórðar Más. Raunverulegt eigið fé Þúfubjargs ehf. hafi þannig verið lægra en sem nemur nefndum 800.000.000 krónum og raunar 1.600.000.000 krónum lægra vegna sambærilegrar fléttu á vegum félaga í eigu Magnúsar Kristinssonar sem stefnandi telur að hafi fengið sams konar fyrirgreiðslu hjá Glitni banka hf. sem hafi svo verið endurgreitt af Gnúpi fjárfestingafélagi hf.

Á því er byggt að með þessari fléttu og útgreiðslu úr Þúfubjargi ehf. hafi raunverulegt verðmæti hlutafjár þess félags verið 31.453.061.000 krónur í stað 33.053.621.000 krónur. Hlutafjäreign dótturdótturfélaga stefnanda hafi þannig verið 38,99% í stað 40,97% sem stefnandi hafði þó fjármagnað. Með þessu hafi eignarhlutur stefnanda verið þynntur út. Að mati stefnanda hafi eignarhlutur félaga í eigu Magnúsar Kristinssonar verið þynntur út með sambærilegum hætti, hvort tveggja til hagsbóta fyrir stefnda Þórð Má. Með þessu hafi verðmæti verið færð frá samstæðu stefnanda til félaga í eigu stefnda Þórðar Más til að fjármagna þátttöku þeirra félaga í Þúfubjargi ehf. Stefnandi byggir á að í þessu hafi falist einhvers konar greiðsla til stefnda Þórðar Más fyrir aðkomu hans að félaginu sem hafi verið klædd í þennan búning af skattalegum ástæðum.

Þá er á því byggt að greiðsla frá Þúfubjargi ehf. til dótturfélaga sem nýtt hafi verið til greiðslu peningamarkaðsláns Glitnis banka hf. hafi verið ólögsmæt úthlutun fjármuna úr félaginu í andstöðu við 73. gr. laga um einkahlutafélög eða 98. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög sem Kristinn Björnsson og stefndi Þórður Már hafi staðið að. Með þessu hafi stefndi Þórður Már ekki gætt þess að meðferð eigna félagsins væri með tryggilegum hætti

í andstöðu við 3. mgr. 44. gr. laga um einkahlutafélög eða 3. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög og 2. mgr. 22. gr. samþykktu Þúfubjargs ehf.

Stefnandi telur að framangreind flétta sem hafi verið gerð með mikilli leynd hafi bersýnilega verið til þess fallin að afla hluthafanum Brekku II ehf. í eigu stefnda Þórðar Más ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað dótturdótturfélaga stefnanda sem hluthafa en með því hafi stefndi og Kristinn brotið gegn 51. gr. laga um einkahlutafélög eða 76. gr. laga um hlutafélög og meginreglu hlutafélagaréttar um jafnræði hluthafa. Byggt er á að Kristinn hafi með þessu einnig brotið gegn 51. gr. gagnvart stefnanda sökum stöðu sinnar sem framkvæmdastjóri félagsins. Með fléttunni hafi einnig verið látið líta svo út að innborgað hlutafé Þúfubjargs ehf. hafi verið í það minnsta 800.000.000 króna meira en það var. Með því hafi verið skapaðar rangar hugmyndir um hag Þúfubjargs ehf. í andstöðu við 128. gr. laga um einkahlutafélög.

Byggt er á því að með þessu hafi stefndi og Kristinn sýnt af sér ólögsmæta og saknæma háttsemi að skaðabótarétti og samkvæmt 108. gr. laga um einkahlutafélög. Þeim báðum hafi mátt vera ljóst að háttsemi þeirra væri til þess fallin að valda stefnanda fjártjóni. Í málflytningi var byggt á því að þessi háttsemi hefði í eðli sínu einnig verið saknæm að refsirétti og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 nefnd í því sambandi.

Tjón stefnanda af þessum sökum felist í því að hann hafi fjármagnað hlutafjárkaup félaga í eigu stefnda Þórðar Más í Þúfubjargi ehf. Af þeim sökum hafi eignarhlutur stefnanda í því félagi orðið 800.000.000 krónum minna virði en gefið hafi verið upp. Í raun hafi tjónið verið meira því að arðgreiðsla til hans á árinu 2007 hafi orðið lægri en honum hafi borið.

Málsástæður til stuðnings dómkröfu að fjárhæð 1.500.000.000 króna.

Stefnandi telur að reikningsskil Gnúps fjárfestingafélags hf. hafi ekki veitt réttar upplýsingar um fjárhagsstöðu og áhættu félagsins þar sem ekki hafi verið gerð grein fyrir stöðu afleiðusamninga með hlutabréf og gjaldmiðla. Í slíkum viðskiptum felist mikil áhætta þar sem engin takmörk séu sett fyrir því tapi sem kunnir að verða með tilliti til þróunar verðmæta á samningstíma. Upplýsingar skorti um þessa samninga bæði í ársreikningi ársins 2006 og árshlutareikningi miðað við 30. júní 2007. Stefnda Þórði Má og Kristni mátti báðum vera fullkunnugt um afleiðustöður félagsins vegna stöðu þeirra hvors um sig gagnvart félaginu og þar sem sérstaklega hafi verið rætt um framvirka samninga Gnúps fjárfestingafélags á fundi stefnumótunarnefndar félagsins 20. desember

2006. Þórður Már hafi verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins og Kristinn stjórnarformaður. Þeir hafi sem slíkir borið ábyrgð gagnvart hluthöfum um að reikningsskil, þar með talið árshlutareikningar, veittu réttar upplýsingar, sbr. 68. gr. laga um hlutafélög og ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga sem og 2. mgr. 24. gr. samþykka Gnúps hf.

Byggt er á því að þeir tveir hafi borið ábyrgð á því að reikningsskilaupplýsingar gæfu glögga mynd af afkomu og efnahag Gnúps fjárfestingafélags hf. samkvæmt meginreglum 3. gr. og 5. gr. laga um ársreikninga. Þeim hafi þannig borið að sjá til þess að í reikningsskilum væri tilgreint virði eigna og skuldbindinga þar á meðal vegna afleiðusamninga þar sem tekið væri tillit til áhættu og taps, samanber meginreglu 14. gr. sömu laga. Eins hefði þeim verið skylt að sjá til þess að í reikningsskilum kæmu fram skýringar þegar afleiðusamningar væru ekki tilgreindir á gangvirði í samræmi við meginreglu 46. gr. laganna. Loks hefði þeim einnig borið skylda til að sjá til þess að í reikningsskilum kæmu fram upplýsingar um þær skuldir sem koma ættu til greiðslu á næstu fimm árum frá lokum reikningsskiladags samkvæmt meginreglu 52. gr. laga um ársreikninga. Gögn málsins bendi til þess að stjórnendur félagsins hafi ákveðið það sérstaklega að þessar upplýsingar yrðu ekki birtar í reikningsskilum. Með því að þessar upplýsingar hafi ekki verið veittar í reikningsskilum hafi hluthafar fengið ranga mynd af raunverulegri fjárhagsstöðu félagsins og áhættu í starfsemi þess. Með þessum ágalla á reikningsskilum hafi kröfum 68. gr. laga um hlutafélög ekki verið fullnægt.

Stefndi Þórður Már hafi kynnt hinar röngu upplýsingar úr árshlutareikningi fyrir þáverandi hluthöfum stefnanda í glærुकynningu á fundi 10. ágúst 2007 án þess að upplýst væri um verulegar skuldbindingar og áhættu vegna afleiðusamninga. Mikilvægum upplýsingum hefði þannig verið leynt en bæði stefnda Þórði Má og Kristni mátti vera ljóst að mikilvægt væri að hluthafar fengju rétta mynd af fjárhagsstöðu félagsins. Ella hefði fagfjárfestum ekki verið veittar þær upplýsingar þegar leitað var til þeirra um kaup á víxlum Gnúps fjárfestingafélags hf.

Á því er byggt að þeim stefnda og Kristni hafi borið skylda til að upplýsa hluthafa stefnanda um raunverulega fjárhagsstöðu Gnúps fjárfestingafélags hf., sbr. 2. mgr. 33. gr. laga um hlutafélög, þegar falast hafi verið eftir auknu fjármagni frá stefnanda í nóvember 2007. Sérstaklega hafi þessi skylda verið rík í ljósi stöðuskjals hjá félaginu sem dagsett sé 9. nóvember 2007, er ákvörðun var tekin um hlutafjárhækkunina, þar sem gerð var grein fyrir verulegum skuldbindingum og áhættu vegna afleiðskuldbindinga sem tengdar voru

verðmæti hlutabréfa og gjaldmiðla. Sérstaklega hafi þetta verið brýnt í ljósi þess að samkvæmt upplýsingum í nefndu stöðuskjali hafi eigið fé Gnúps fjárfestingafélags hf. einungis verið þriðjungur þess sem kynnt var á fundi með hluthöfum 10. ágúst 2007 um stöðu efnahagsreiknings félagsins og veður á fjármálamörkuðum válynd.

Þá hafi það ranglega verið gefið til kynna að hið aukna fjárframlag væri til að mæta tímabundum lausafjárskorti og látið hafi verið undir höfuð leggjast að upplýsa að fjármununum yrði varið til að auka skuldbindingar Gnúps fjárfestingafélags hf. vegna FL Group. Það hafi síðan verið til marks um bága stöðu félagsins og FL Group hf. í nóvember 2007 að stefndi Þórður Már hafi einn hluthafa ákveðið að taka ekki þátt í hlutafjárukningu Gnúps fjárfestingafélags hf. né kaupa af félaginu eigin hlutabréf þess. Þvert á móti hafi hann dregið úr persónulegri eign sinni í framvirkum samningum um hlutabréf FL Group í nóvember 2007 um 380.000.000 króna á sama tíma og Gnúpur fjárfestingafélag hf. jók eign sína um 530.000.000 króna.

Stefnandi byggir á því að þar sem mikilvægum upplýsingum um fjárhagsstöðu og áhættu Gnúps fjárfestingafélags hf. var haldið leyndum fyrir honum þá hafi hann verið blekkur til að leggja Gnúpi fjárfestingafélagi hf. til fjármuni, samtals 1,5 milljarða króna, á sama tíma og félagið stefndi í þrot. Slíka háttsemi telur stefnandi ganga gegn almennum trúnaðarskyldum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra gagnvart hluthöfum samkvæmt meginreglum hlutafélagalaga og 1. mgr. 154. gr. laga um hlutafélög.

Sérstaklega er á því byggt að Kristni Björnssyni hafi ekki verið heimilt að samþykkja lántöku að fjárhæð 1,5 milljarðar króna og auka framlag samstæðu stefnanda til Gnúps fjárfestingafélags án þess að bera það undir stjórn stefnanda til umræðu, sbr. 47. gr. laga um einkahlutafélög.

Á því er byggt að háttsemi stefnda Þórðar Mús og Kristins, sem lýst er hér að framan, hafi bæði verið saknæm og ólögmet samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar og samkvæmt 134. gr. hlutafélagalaga og stefnandi hafi orðið fyrir tjóni er hann hafi lagt Gnúpi fjárfestingafélagi hf. til 1,5 milljarða króna í nóvember 2007 fyrir hlutabréf sem hafi verið í raun verðlaus vegna vonlausrar fjárhagsstöðu Gnúps. Það tjón sé í beinu orsakasambandi við framgöngu þeirra stefnda Þórðar Mús og Kristins sem að framan er rakin.

Kröfugerð stefnanda

Aðalkrafa stefnanda felur í sér tjón stefnanda sem rót eigi að rekja til þeirra tveggja atburða sem að framan er gerð grein fyrir, annars vegar 800.000.000 króna og hins vegar 1.500.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og

verðtryggingu fá 7. september 2013, fjórum árum áður en mál nr. E-2451/2017 var þingfest.

Til vara verði ekki fallist á fjárkröfur stefnanda er krafist bóta að álitum eftir mati dómsins sem stefnandi telur skilyrði fyrir að lögum til ef talið verður að fjárhæð tjóns hans verði ekki nákvæmlega sönnuð enda sé það ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggæringa að stefnandi verði að bera tjón sitt einn.

Málsástæður stefndu Sólveigar G. Pétursdóttur

Stefnda byggir á því að stefnandi hafi komist að öllu leyti í eigu Glitnis Holdco ehf. (sem áður hét Glitnir banki hf.) í samræmi við samning 13. ágúst 2008 sem gerður hafi verið í framhaldi af samkomulagi til sex mánaða við alla þáverandi hluthafa stefnanda um að ekki yrðu hafnar innheimtuaðgerðir á hendur félaginu á því tímabili. Samningur við bankann um kaup á hlutafé allra hluthafa, sem seldu hlutafé sitt á eina krónu hver, hafi verið gerður í ljósi samantektar um að Glitnir banki hf. ætti 92,5% allra óveðtryggðra krafna á hendur stefnanda og þær kröfur næmu 4.121.000.000 króna en eignir næmu í mesta lagi 800.000.000 króna. Með samningnum skuldbundu hluthafarnir sig til að greiða öðrum kröfuhöfum en Glitni banka hf. en bankinn myndi í kjölfarið ráðstafa þeim eignum sem til væri að dreifa upp í skuldir stefnanda við bankann. Þessi samningur hafi haft að geyma sérstaka yfirlýsingu um að kaupandinn myndi ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem orðið hefðu í rekstri stefnanda eða félögum innan samstæðunnar og að þau félög ættu enga kröfu á hendur hluthöfunum. Þessi yfirlýsingin væri líka skuldbindandi fyrir síðari eigendur hlutafjár stefnanda. Síðasta ákvæðinu hafi verið ætlað að tryggja það að ekki yrðu eftirmál enda hefði bankinn fyrir á ári 2008 kafið hluthafa skýringa á miklum greiðslum út úr félaginu til þeirra. Áréttað sé af hálfu stefndu að einn þeirra hluthafa sem átti aðild að samningnum sé móðir núverandi hluthafa stefnanda. Málsóknin lúti þannig að því að krefja um bætur frá einum þeirra sem stóð með móður hans að þeim ráðstöfunum sem málið snúist um.

Augljóst sé að stefnandi vissi allt um þessa sanningsgerð enda undirrituðu allir hluthafar samninginn og fram kom einnig fyrir dómi af hálfu forsvarsmanns Glitnis HoldCo ehf., sem stóð að sölu hlutafjár stefnanda til núverandi hluthafa, að hluthafinn hafi vitað allt um þessa yfirlýsingu og að henni væri ætlað að ná til síðari eigenda hlutafjárins. Hluthafinn hafi þannig verið grandsamur um efni yfirlýsingarinnar.

Staðhæfingu stefnanda um að yfirlýsingin hafi enga þýðingu varðandi ábyrgð Kristins þar sem hún hafi bara skuldbundið Glitni banka hf. en ekki stefnanda er mótmælt sem rökleysu. Efni yfirlýsingarinnar hafi einmitt falið í sér að kaupandi hlutafjárins gæti ekki eignast bótakröfu á hendur Kristni vegna atvika sem gerðust í starfsemi stefnanda og dótturfélaga hans. Þá fái það ekki staðist að yfirlýsingin hafi einvörðungu skuldbindingargildi að kaupandi hlutafjárins riti undir sérstaka yfirlýsingu þar að lútandi. Ljóst sé samkvæmt framansögðu að núverandi hluthafa hafi verið mætavel kunnugt um efni skuldbindingarinnar, er hann keypti hlutaféð, og efni samkomulagsins sé því áfram skuldbinandi fyrir stefnanda.

Stefnda byggir á því að stefnandi geti ekki átt kröfu á aðra en viðsemjanda sinn ef einhverjar eignir vanti sem hefðu átt að vera til staðar inni í félaginu. Því er einnig sérstaklega mótmælt að 70. gr. stjórnarskráinnar eða 6. og 13. gr. mannréttindasáttmála Evrópu komi til álita varðandi þýðingu samningsins við Glitni banka hf.

Hvað þá málsástæðu áhærir að atvikin að baki kröfu stefnanda hefðu gerst í starfsemi Gnúps fjárfestingafélags hf. er á það bent af hálfu stefndu að dótturfélög stefnanda hafi verið hluthafar í Gnúpi og þeir löggerningar sem málið snúist um hafi verið gerðir af þeim félögum sem hluthafa. Þannig eigi efni samkomulagsins beint við um þau atvik sem kröfur stefnanda eru reistar á. Þannig beri að sýkna stefndu þegar af þeirri ástæðu að kröfur stefnanda fari í bága við samninginn frá 13. ágúst 2008.

Því er haldið til haga að núverandi hluthafi stefnanda hafi ekki verið hluthafi í stefnanda á þeim tíma sem þau atvik áttu sér stað sem kröfur stefnanda tengjast. Hlutaféð hafi hann eignast 4. ágúst 2016. Skaðabótareglur laga um hlutafélög og einkahlutafélög sem stefnandi vísi til séu settar til að gæta hagsmuna þeirra sem séu hluthafar í félagi þegar atvik gerast sem þeir telja fara gegn hagsmunum þeirra sem hluthafar í félaginu. Þetta eigi ekki hvað síst við um hagsmuni minnihluta sem verði fyrir ofríki meirihlutans. Þessar reglur geta augljóslega ekki orðið efniviður í kröfugerð þeirra sem gerast hluthafar í félaginu mörgum árum síðar og urðu ekki fyrir neinni hagsmunaröskun vegna ákvarðana fyrri hluthafa. Sérstaklega horfi það sérkennlega við að aðili geti keypt hlutafélag á 1.500.000 krónur og haft uppi kröfugerð um skaðabætur að fjárhæð 2.300.000.000 króna sem myndi leiða til stórfellds gróða af hans hálfu vegna atvika sem enginn hafi gert athugasemd við árum saman. Þessi málsástæða eigi við um báðar kröfur stefnanda og beri því að sýkna stefndu þegar af þessari ástæðu.

Málsástæður er einkum lúta að skaðabótakröfu að fjárhæð 800.000.000 króna.

Stefnda telur að framlögð gögn sem stefnandi lagði fram sjálfur sýni svo ekki verði um villst að enginn fótur sé fyrir þessari kröfugerð sem byggð sé á 108. gr. laga um einkahlutafélög eða 134. gr. laga um hlutafélög. Tjónsatburður sé sagður hafa átt sér stað 16. október 2006. Öll skjöl sem lútu að hlutafjárkaupum af Brekku ehf. séu undirrituð af öllum hluthöfum og stjórnarmönnum stefnanda. Af efni þeirra megi ráða að allir þáverandi hluthafar stefnanda vissu frá upphafi um hvert einasta smáatriði í þeirri atburðarás sem leiddi til þess að eignarhlutur dótturfélaga stefnanda í Þúfubjargi ehf. varð samtals 39% en ekki annar. Enginn þessara aðila hreyfði nokkru sinni andmælum við einu eða neinu í þessu ferli heldur voru þau samstíga og sammála í verkefninu. Sýknuástæður stefndu hvað þessa kröfu áhrærir eru þrennar. Í fyrsta lagi er byggt á fyrningu bótaréttar sem reist sé á bótareglu 108. gr. laga um einkahlutafélög. Samkvæmt þeirri grein beri meðal annarra stjórnarmenn skyldu til að bæta félaginu það tjón sem þeir hafi valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama eigi við þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laganna eða á samþykktum félags. Ábyrgð hlutahafa sem veldur tjóni er einnig útfærð í 2. mgr. 108. gr. og er sambærileg í þessu tilliti þótt sök þurfi annaðhvort að byggjast á ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Um fyrningu bótaábyrgðar samkvæmt þessari grein fari samkvæmt 110. gr. laganna sem gildi er umdeild atvik áttu sér stað. Þar var meðal annars kveðið á um í b-lið að höfða yrði mál innan tveggja ára, meðal annars gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin sem málið byggist á var samþykkt eða gerð.

Byggt sé á því af hálfu stefnanda að eiginmaður stefndu hafi sem stjórnarmaður í stefnanda brotið gegn hagsmunum félagsins í samningum við eiganda Þúfubjargs ehf. í október 2006. Samkvæmt því hafi fyrningartími samkvæmt 110. gr. verið liðinn í ársbyrjun 2009. Þessi lagatúlkun eigi sér stoð í niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 40/20017. En jafnvel þótt talið yrði að hinn sérstaki fyrningarfrestur 110. gr. ætti ekki við væri krafan fyrnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sem kvað á um að skaðabótakröfur fyrndust á 10 árum frá tjónsdegi. Fyrri mál stefnanda hafi verið höfðað í byrjun ágúst 2017 en þá hafi verið liðin 10 ár frá þeim atvikum sem þessi dómkrafa stefnanda lúti að.

Kröfur stefnanda séu einnig fallnar niður vegna tómlætis þótt ekki kæmi annað til enda hafi stjórnarmönnum stefnanda alla tíð verið kunnugt um þau atvik sem mál þetta snýst um, allt frá því að atvikin gerðust samkvæmt því sem fyrir liggur í skriflegum gögnum.

Við túlkun á ábyrgð stjórnenda einkahlutafélags beri að líta til lagareglunnar um skaðabótaábyrgð stjórnenda sem felur í sér sérreglu sem gangi frammar ólögfestri almennri sakarreglu íslensks réttar en ekki geti komið til álita að beita þeirri reglu um tilvik sem sérreglan ætti að taka til en vísað sé í þessum efnunum til dóms Hæstaréttar í fyrrnefndu máli.

Þá er því mótmælt sem hreinni fjarstæðu að eiginmaður stefndu hafi af ásetningi eða gáleysi valdið stefnanda tjóni með þátttöku í þeim viðskiptum sem þessi krafa stefnanda lúti að. Um hafi verið að ræða frjáls viðskipti með hlutafé í félagum sem hafi falið í sér framkvæmd á fjárfestingarákvörðunum stefnanda sem öllum hluthöfum stefnanda hafi verið kunnugt um en þeir hafi verið þátttakendur í viðskiptunum og undirritað öll skjöl og fundargerðir sem þeim tengdust. Að viðskiptunum loknum hafi stefnandi verið orðinn hluthafi í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. með það hlutfall hlutafjár sem um hafi samist í upphafi og aldrei hafi verið gerður ágreiningur um. Á það sé lögð áhersla af hálfu stefndu að það hafi ekkert frekar verið Kristinn fremur en aðrir hluthafar stefnanda sem stóð að viðskiptunum um kaupin á hlutafé af Fjárfestingafélaginu Brekku ehf. á sínum tíma. Allir hluthafarnir hafi staðið að gerð samninganna fyrir hönd stefnanda. Sú staðreynd að meðstefndi hafi nýtt fjármunina til að kaupa sig að nýju inn í félagið aftur breyti engu um þessa staðreynd – öllum hluthöfum stefnanda hafi verið þetta ljóst og ekki hreyft neinum athugasemdum við það heldur hver og einn unað glaður við sitt. Því er einnig mótmælt sem röngu og ósönnuðu að viðskiptin sem hér um ræði hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda. Engin gögn hafa verið lögð fram um slíkt af hálfu stefnanda. Hlutafé í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. hafi orðið verðlaust löngu síðar eftir áföll sem hafi orðið á fjármálamörkuðum og leiddu til gríðarlegs verðfalls á eignum félagsins.

Málsástæður er einkum lúta að skaðabótakröfu að fjárhæð 1.500.000.000 króna.

Byggt er á því að málsástæður er lúta að bótareglum laga um einkahlutafélög og fyrningu þeirra sem telft sé fram til varnar vegna fyrri kröfu stefnanda eigi með sama hætti við um þessa kröfu. Verði komist að þeirri niðurstöðu að hið meinta bótaskylda atvik hafi átt sér stað í starfsemi Gnúps fjárfestingafélags hf. er vísað til hliðstæðra reglna í þágildandi 136.

gr., sbr. 134. gr., laga um hlutafélög. Tveggja ára fyrningartíma hafi í þessu tilviki verið lokið í árslok 2009.

Ákvörðun um að auka hlutafé í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. var tekin á hluthafafundi félagsins 11. nóvember 2007 með atkvæðum allra hluthafa. Réttilega hafi verið staðið að þeim fundi og ákvörðun um hlutafjárhækkunina hvort tveggja í samræmi við lög um hlutafélög.

Stefnda mótmælir því sem tilhæfulausu að Kristinn og meðstefndi hafi borið ábyrgð á alvarlegum annmörkum á reikningsskilum Gnúps fjárfestingafélags hf. samkvæmt ársreikningi 2006 og árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007 og einnig að slíkum annmörkum hafi verið til að dreifa. Því er þannig mótmælt að þeir hafi þar með komið í veg fyrir að stefnandi gæti lagt rétt mat á tillögur um aukningu hlutafjár í því félagi. Engin haldbær sönnunargögn hafi verið lögð fram af hálfu stefnanda sem styðji þessar staðhæfingar. Þannig sé engin tilraun gerð til að skýra það af hálfu stefnanda á hvern hátt stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þátttöku í hlutafjárhækkuninni. Athugasemdum hafi enda ekki verið hreyft fyrr en núverandi hluthafi eignaðist stefnanda.

Í sambandi við tilurð þessarar hlutfjárhækkunar verði að hafa í huga að stefnandi hafi fengið greiddan arð og Gnúpur fjárfestingafélag hf. keypt af honum eigin bréf fyrir samtals 2.220.992.700 krónur, annars vegar 1. desember 2006, 800.000.000 króna vegna kaupa á eigin hlutabréfum og svo 16. júlí 2007 1.420.992.700 krónur vegna arðgreiðslu og kaupa á eigin hlutabréfum. Allri heildarfjárhæðinni hafi svo verið ráðstafað til hluthafa stefnanda jafnharðan. Lánsfjárhæðinni sem stefnandi hafi fengið frá Glitni banka hf. hafi síðan verið ráðstafað með því að kaupa aftur eigin bréf Gnúps fjárfestingafélags hf. að fjárhæð 753.443.547 krónur og kaupa nýtt hlutafé að fjárhæð 746.556.453 krónur. Glitnir banki hf. hafi ekki fengið neitt af lánsfjárhæðinni endurgreitt enda stefnandi þegar orðinn ógjaldfær er lánið var tekið og hafði ekkert bolmagn til að fjármagna kaupin á annan hátt. Þar sem ekkert hafi verið greitt hafi stefnandi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni vegna þessara viðskipta. Staða hluthafa stefnanda breyttist þannig ekkert af þessum sökum. Stefnandi hefði á hinn bóginn getað hagnast á hlutafjárukningunni ef verðmæti eigna félagsins hefði þróast í aðra átt en raunin varð.

Áréttað sé sérstaklega að jafnvel þótt svo yrði litið á að eiginmaður stefndu hefði valdið bótaskyldu tjóni með athöfnum sínum, sem ekki hefðu verið útkljáðar endanlega með samkomulaginu við Glitni banka 13. ágúst 2008 og þær séu ekki fyrndar, séu þær allar fallnar niður vegna tómlætis stefnanda. Vitneskja hafi legið fyrir um

hlutafjárukninguna frá þeim tíma sem hún átti sér stað en ekki hafi verið gerður neinn reki að kröfugerð fyrr en fjölmörgum árum síðar.

Varakrafa um lækkun

Verði fallist að einhverju leyti á kröfur stefnanda sé þess krafist að kröfurnar verði lækkaðar stórlega, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög og 3. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga. Lækkunarkrafan styðjist við þau rök að bótakröfu sé beint að stefndu sem ekkju Kristins Björnssonar en slíkri kröfu hafi aldrei verið beint að honum sjálfum, þær hafi fyrst komið fram tveimur árum eftir andlát hans. Stefnda hafi aldrei verið þátttakandi í starfsemi þeirra félaga sem málið snúist um. Kristinn hafi jafnframt tapað jafn miklu og aðrir hluthafar stefnanda og loks séu kröfufjárhæðir langt umfram greiðslugetu stefndu.

Eins og mál þetta er vaxið með tilliti til aðildar stefndu og með hliðsjón af því hvernig staðið hefur verið að málatilbúnaði stefnanda, sem meðal annars hafi leitt til þess að málinu í öndverðu hafi verið vísað frá dómi, er vísað til 130. gr., sbr. 131. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til stuðnings málskostnaðarkröfu stefndu.

Málástæður stefnda Þórðar Más Jóhannessonar

Krafa stefnanda sem byggist á því að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni er að mati stefnda fyrnd þar sem fyrning hennar hafi ekki verið rofin innan 10 ára fyrningarfrests, sbr. 2. tölulið 4. gr. laga nr. 14/1905. Krafan sé einnig fallin niður þar sem tveggja ára málshöfðunarfrestur samkvæmt 134. og 136. gr. hlutafélagalaga hafi verið liðinn.

Krafa af þessari rót sé einnig í öllu falli fallin niður fyrir tómlæti teljist hún ófyrnd. Engu hafi verið hreyft af hálfu stefnanda allt frá október 2006 er málsatvik áttu sér stað og fram til nóvember 2018 er stefna málsins var gefin út. Þá fyrst kom fram að stefnandi teldi sig eiga kröfu af þessum sökum en þó hefði verið fullt tilefni til að hreyfa þessu fyrir enda legið ljóst fyrir allt frá 16. október 2006 hvernig staðið var að verki en allir hluthafar og stjórnarmenn stefnanda hafi skrifað undir kaupsamninga um hlutafé í Þúfubjargi af félagi stefnda Brekku ehf. á 800.000.000 króna. Hefði stefnandi haft eitthvað út á viðskiptin að setja hefði honum borið að koma þeim umkvörtunarefnum á framfæri án ástæðulauss dráttar, bæði með hliðsjón af almennum reglum kröfuréttar um tómlæti sem og 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup en þau lög gilda um kaup á hlutabréfum, samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 312/2003 frá 13. nóvember 2003. Í þessum efnum megi einnig horfa til þess að Glitnir banki hf., sem hafi orðið eigandi alls hlutafjár stefnanda á árinu 2008, hafi farið ítarlega ofan í starfsemi félagsins sem og Gnúps

fjárfestingafélags hf. án þess að því væri nokkru sinni hreyft að stefnandi ætti þau kröfuréttindi sem gerð væri krafa um í þessu máli. Í þessu tilliti verði sérsaklega að horfa til þess að sökum þessa langa tíma, rúm 12 ár, er varðveisluskylda bókhaldsgagna og annarra gagna löngu niður fallin sem gerir stefnda erfiðara um vik en ella að verjast í málinu. Verður því fremur en ella að leggja til grundvallar að möguleg kröfuréttindi séu niður fallin fyrir tómlæti hafi þeim einhvern tímann verið til að dreifa. Slík réttaráhrif virki hraðar en ella þegar um verðbréfavíðskipti er að ræða miðað við réttarframkvæmd, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 181/2014 frá 1. apríl 2014. Svo síðbúin kröfugerð sé einnig brot á tillitsskyldu sem talið sé að gildi í samninga- og kröfurétti.

Þá beri einnig að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála, af þessari kröfu enda hafi það verið Fjárfestingafélagið Brekka ehf. sem seldi dótturfélögum stefnanda hlutafé í Þúfubjargi ehf. sem væri þannig réttur aðili til varnar gagnvart kröfu stefnanda.

Þá hafi kaup dótturfélaga stefnanda á hlutafé í Þúfubjargi ehf. farið fram með vitund og vilja allra hlutaðeigandi. Gildir það um öll systkinin sem voru stjórnarmenn og hluthafar stefnanda. Rituðu öll undir skjöl er lutu að sölunni en forsendur hennar hafi verið ræddar ítarlega í aðdaganda þeirra, þar á meðal á fundi sem fram fór á heimili Emilínu Bjargar þar sem farið var yfir þessa kaupsamninga. Ástæður fjárhæðar kaupverðsins fólust í viðskiptahugmynd, þekkingu, reynslu, viðskiptasamböndum eiganda Brekku ehf., stefnda Þórðar Mús. Engum blekkingum var beitt, engin „flétta“ var sett upp og engin „þynning“ átti sér stað. Engin brot voru framin á hlutafélagalöggjöfinni. Félög í eigu Magnúsar Kristinssonar sem keyptu á sama tíma hafi enda aldrei haldið slíku fram.

Í þessum efnunum sé einnig á það bent, sem á við um báðar fjárkröfur stefnanda, að stefndi Þórður Már hafi mátt í öllum þessum viðskiptum leggja til grundvallar að Kristinn Björnsson kæmi fram fyrir hönd stefnanda og dótturfélög hans í hvívetna, sem endurspeglar til að mynda skýrlega í hluthafasamningi hluthafa Gnúps fjárfestingafélags hf. sem gerður var sama dag og kaupin voru afráðin 16. október 2016. Ljóst hafi legið fyrir hver hlutafjäreign hvers og eins var í Þúfubjargi ehf., og engar athugasemdir hafi verið gerðar þar að lútandi fyrr en í nóvember 2018. Samskiptum stefnda við Kristin hafi þannig mátt jafna til samskipta stefnda við stefnanda og dótturfélög hans. Kristinn verður ekki aðgreindur frá stefnanda í þessu tilliti. Það varði stefnda því engu lagalega ef einhverjir misbrestir hafi verið í samskiptum milli hluthafa og stjórnarmanna í stefnanda eða ef eitthvað hefur misfarist gagnvart lögum um einkahlutafélög eða gagnvart lögum nr.

145/1994 um bókhald. Slík innanbúðarmál séu stefnda óviðkomandi hafi þeim verið til að dreifa, sem stefndi hefur enga ástæðu til að ætla að hafi verið raunin.

Stefnandi hafi jafnframt ekki orðið fyrir tjóni vegna þessara gerninga sem slíkra. Hann hafi fengið að fullu lánað fyrir kaupunum hjá Glitni banka hf. og endurgreiddi það með fé frá Gnúpi fjárfestingafélagi hf. og lagði því ekkert til kaupanna sjálfur. Rauntjón stefnanda varð mun síðar er hlutafé Gnúps varð einskis virði í janúar 2008 og því sé skilyrðum um tjón, orsakatengsl og sennilega afleiðingu ekki fullnægt. Þá sé meint tjón með öllu ósannað eða í það minnsta miklu minna, ef því er til að dreifa yfir höfuð, með hliðsjón af greiðslum frá Gnúpi fjárfestingafélagi hf. vegna arðs og kaupa á eigin bréfum. Þær útgreiðslur hafi ekki verið ólögmætar og ollu stefnanda ekki tjóni heldur naut hann ávinnings af þeim. Stefndi braut í engu gegn reglum hlutafélagalöggjafarinnar um ótilhlýðilega hagsmuni eða jafnræði hluthafa.

Til þess sé einnig að líta að núverandi hluthafi stefnanda eignaðist félagið tíu árum eftir að þau atvik gerðust sem krafist er bóta fyrir. Skaðabótareglur hlutafélagalaga miðist við að þeir sem eru hluthafar í félagi eigi bótarétt ef á þeim er brotið en þær reglur verða ekki nýttar sem efniviður í kröfugerð aðila sem gerist hluthafi í félagi áratug síðar en verður sjálfur aldrei fyrir neins konar hagsmunaröskun.

Hvað síðari kröfufélagið stefnanda snertir er byggt á að krafan sé fyrnd að því marki sem hún sé grundvölluð á að ágallar hafi verið á ársreikningi Gnúps fjárfestingafélags fyrir árið 2006 og árshlutareikningi vegna fyrstu sex mánaða 2007. Báðir þessir reikningar hafi verið útbúnir meira en tíu árum áður en efnt var til fyrri málshöfðunar stefnanda í ágúst 2017. Tíu ára fyrningarfestur samkvæmt 2. tölulíð 4. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda var þá liðinn. Þá sé einnig sjálfstætt á því byggt að þessi krafa stefnanda sé niður fallin vegna tveggja ára málshöfðunarfrests samkvæmt þágildandi 134. og 136. gr. hlutafélagalaga.

Krafan sé einnig löngu fallin niður fyrir tómlætissakir ef hún teldist ekki vera fyrnd á sömu forsendum eins og eigi við um fyrri kröfu stefnanda. Fyrir liggir að stefnandi hafi á engu stigi gert athugasemdir við þessa hlutafjárhækkun, aðdraganda hennar eða upplýsingagjöf í tengslum við hana, hvorki þegar hlutabréf Gnúps urðu einskis virði í janúar 2008, né þegar Glitnir banki hf. tók stefnanda yfir í ágúst 2008. Engar athugasemdir hafi síðan verið gerðar fyrr en með málshöfðun í ágústbyrjun 2017. Því hafi aldrei verið hreyft af stefnanda eða eiganda stefnanda allt frá árinu 2007 að stefnandi ætti nokkur þau kröfuréttindi, í formi skaðabótakrafna, sem verið sé að gera kröfu um undir þessum

kröfulið. Öll slík réttindi séu niðurfallin hafi þau nokkurn tímann verið til sem ekki hafi verið raunin.

Því sé jafnframt mótmælt að ársreikningi ársins 2006 hafi verið í nokkru áfátt. Ársreikningurinn hafi verið í einu og öllu í samræmi við kröfur laga nr. 3/2006 um ársreikninga og endurspeglaði stöðu félagsins í árslok 2006. Gnúpur fjárfestingafélag hf. gerði bæði afleiðusamninga um gjaldeyri og hlutabréf sem voru gerðir upp á gangvirði en engir gjaldmiðlasamningar munu hafa verið opnir um áramótin 2006 og 2007. Gangvirði framvirkra samninga um hlutabréf hafi numið 300.000.000 króna eða um 0,5% af eignum félagsins og innan við 1% af eigin fé. Áhrif þessara samninga á efnahag félagsins hafi því verið óveruleg og kölluðu ekki á sérstakar skýringar. Staða á þessum samningum í ársreikningnum var hluti af skammtímaskuldum við fjármálastofnanir en þær námu um 68,8 milljónum króna í árslok 2006.

Hvað skjal áhræri sem beri yfirskriftina árshlutareikningur 30. júní 2007 sé það að segja að um óundirrituð drög hafi verið að ræða sem hafi enga lagalega þýðingu í málinu en því beri að halda til haga að það hafi réttar upplýsingar að geyma og myndi standast ákvæði laga um ársreikninga ef á reyndi. Brúttóstaða afleiðusamninga sé ekki tilgreind en nettóstaða þeirra hafi væntanlega verið svipuð og í árslok 2006, þá tilgreind meðal sammtímaskulda við fjármálastofnanir sem námu 90,6 milljónum króna 30. júní 2007.

Staðhæfingar um að upplýsingagjöf til hluthafa á fundi í ágúst 2007 hafi verið ófullnægjandi séu rangar og ósannaðar. Fundurinn hafi verið haldinn að frumkvæði Kristins í upplýsingaskyni fyrir systur hans. Ljóst sé að þessi fundur var á engan hátt grundvöllur ákvörðunar um að taka þátt í hlutafjárhækkun þremur mánuðum síðar. Slík hækkun hafi ekki verið á döfinni og hafði aldrei verið rædd enda nýbúið að greiða út háar fjárhæðir til hluthafa. Að auki sé áréttað að upplýsingagjöf Kristins til annarra hluthafa hafi ekki verið á ábyrgð stefnda.

Þá verði að halda því til haga að í nóvember fór bæði fram hlutafjárhækkun og sala á eigin hlutum Gnúps fjárfestingafélags til hluthafa, þar með talið stefnanda. Tilurð þess var fyrirnefnd útgreiðsla úr félaginu til hluthafa í júlí 2007 er greiddar voru háar fjárhæðir í formi arðs og kaupa á eigin hlutum. Er komið hafi verið fram í nóvember hafi fjárhagsstaða þess verið orðin veik, meðal annars vegna þessarar útgreiðslu og falls á mörkuðum. Því hafi þurft að leggja félaginu til fé enda hafi lánveitandi félagsins, Glitnir banki hf., þrýst á um það. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að upplýsingagjöf í aðdraganda þessara aðgerða hafi verið ófullnægjandi eða í andstöðu við ákvæði laga um

hlutafélög. Aðgerðirnar hafi verið ræddar og samþykktar í stjórn Gnúps fjárfestingafélags hf. þar sem Kristinn Björnsson, forvígismaður stefnanda og hluthafa, sat.

Af hálfu stefnda sé áréttað að tilvitnun í stefnu til ákvæða hlutafélagalaga eigi einvörðungu við um hækkun hlutafjár en ekki sölu eigin hluta. Um sölu gildi ákvæði laga um lausafjárkaup og verði því að hafna kröfu stefnanda hvað þá sölu varði af þeim ástæðum.

Þá sé það kjarnaatriði að þessar aðgerðir, sala eigin hluta og hækkun hlutafjár, hafi verið samþykktar einróma og athugasemdalaust en Kristinn hafi verið mættur á þann fund af hálfu dótturfélaga stefnanda. Ekki sé byggt á því að Kristin hafi skort umboð til að sækja fundinn. Verði því að miða við að tekin hafi verið lögformleg ákvörðun sem hafi skuldbundið stefnanda af fúsum og frjálsum vilja. Það sé fyrst um tíu árum síðar árið 2017 sem hreyft hafi verið athugasemdum við upplýsingagjöf og að brotið hafi verið gegn 2. mgr. 33. gr. laga um hlutafélög í aðdraganda fundarins. Þær röksemdir séu sérlega ótrúverðugar og að engu hafandi í málinu.

Loks verði að hafna kröfu stefnanda þegar af þeirri ástæðu að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni í þessu tilviki. Stefnandi hafi fengið að fullu lánað fyrir þátttöku í þessari hlutafjárhækkun og greiddi það lán aldrei til baka en gjalddagi lánsins hafi verið 15. maí 2008. Björn Thorsteinsson hafi keypt þá ógreiddu kröfu af Glitni 4. ágúst 2016 en hún hafi síðan fyrnst í síðasta lagi 15. maí 2018. Af þessum sökum sé ekki fullnægt því skilyrði skaðabótaskyldu að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af þessum sökum. Sá sem hafi orðið fyrir tjóni sé Glitnir banki hf. sem engar kröfur hefur gert vegna þessarar hlutafjárhækkunar.

Af öllum framangreindum ástæðum beri að sýkna stefnda.

Verði stefndi ekki sýknaður er krafist lækkunar á kröfum stefnanda á grundvelli sömu málsástæðna eftir því sem við eigi. Að auki sé vísað til 3. mgr. 134. gr. laga um hlutafélög sem kveði á um að færa megi bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sök hafi verið og tjónið sem og með tilliti til efnahags tjónsvalds og annarra atvika. Með vísan til þessa og almennrar lækkunarreglu 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 beri að lækka eða fella niður þær bætur sem til álita kæmi að dæma í málinu.

Niðurstaða

Stefnandi máls þessa er einkahlutafélag sem gengið hefur kaupum og sölum frá því að þau atvik áttu sér stað sem kröfur stefnanda eiga rót til að rekja. Á þeim tíma var félagið í

jafnri eigu fjögurra systkina sem öll áttu sæti í stjórn félagsins. Þótt fyrir liggi að eitt þeirra, Kristinn Björnsson, hafi annast um málefni félagsins í umboði systra sinna nutu þær réttinda og báru skyldur lögum samkvæmt sem stjórnarmenn félagsins allt til þess dags að þær ásamt Kristni seldu hlutafé sitt til Glitnis banka hf. 13. ágúst 2008. Sú staðreynd hefur þýðingu við mat á þeim atburðum sem liggja kröfugerð stefnanda til grundvallar enda sýnist svigrúm félagsins til að hafa uppi bótakröfu á hendur einum stjórnarmanni þrengra en ella þegar til umfjöllunar eru ákvarðanir sem allir stjórnarmenn stóðu saman að, sem jafnframt áttu allt hlutafé félagsins. Stefnandi sem bótakrefjandi ber sönnunarbyrði fyrir því að forsendur séu til þess að gera slíkan greinarmun á ábyrgð stjórnarmanna í ljósi athafna þeirra og athafnaleysis á vettvangi stefnanda.

Fyrir liggur að ekki var haldin sérstök fundargerðabók um hluthafafundi í stefnanda auk þess sem undir hælinn virðist hafa verið lagt hvort formlegir fundir hafi verið haldnir í félaginu. Þá virðast hafa verið nokkur lausatök á því hvernig haldið var utan um málefni félagsins, til dæmis hvað færslu bókhalds og gerð ársreiknings snertir sem oft mun hafa verið hrundið í framkvæmd með næsta síðbúnum hætti. Þá hafi málefni félagsins oftast en ekki verið rædd á mannamótum í fjölskyldunni eða með samskiptum sem Kristinn átti við systur sínar, símleiðis eða með rafrænum hætti, en óumdeilt er að hann hafi haft óskorað umboð og notið trausts systra sinna til að annast um málefni stefnanda. Þá liggur fyrir að hann var formaður stjórnar dóttur- og dótturdótturfélaga stefnanda og hafði prókúru fyrir hönd allra félaga innan samstæðu stefnanda. Þessi háttur á stjórn stefnanda verður talinn á ábyrgð stjórnarinnar sem slíkrar, ekki eins stjórnarmanns jafnvel þótt sá hafi notið ríkulegs trausts.

Núverandi hluthafi keypti hlutafé stefnanda 4. ágúst 2016 af Glitni Holdco ehf., sem áður hét Glitnir banki hf. Hluthafinn verður á hinn bóginn ekki samsamaður fyrri hluthöfum úr systkinahópnum né er honum sjálfum tækt að gera það sjálfum þrátt fyrir náinn skyldleika sem sonur Áslaugar Björnsdóttur systur Kristins.

Í máli þessu hefur stefnandi uppi tvær aðskildar skaðabótakröfur sem byggðar eru á sakargrundvelli. Annars vegar 800.000.000 króna kröfu vegna kaupa á 50% hlutafjár í einkahlutafélaginu Þúfubjargi sem síðar varð að Gnúpi fjárfestingafélagi hf. en kaupin áttu sér stað 16. október 2006 og hins vegar 1.500.000.000 króna kröfu vegna kaupa á eigin hlutafé af Gnúpi fjárfestingafélagi hf. sem verðlagt var á 753.443.547 krónur og til hækkunar hlutafjár félagsins að fjárhæð 746.556.453 krónur sem hrundið var í framkvæmd 15. nóvember 2007. Stefndu krefjast bæði sýknu þar sem engri saknæmri

háttsemi sé til að dreifa auk annarra sýknuástæðna þar sem fyrirferðamestar eru varnir er lúta að fyrningu og tómlæti.

Í ljósi dóms Landsréttar í máli nr. 889/2019 verður fyrst að leysa úr því hvort ætlaðar skaðabótakröfur stefnanda hafi orðið til á þeim grunni sem stefnandi byggir á áður en unnt er að taka afstöðu til þess hvort stefndu beri ábyrgð á þeim og hvort kröfurnar séu fallnar niður fyrir fyrningu eða hvort sýkna beri vegna tómlætis.

Um kaup helmings hlutafjár Þúfubjargs ehf. og áskrift Fjárfestingafélagsins Brekku II ehf. við hækkun hlutafjár félagsins.

Fyrir liggur að haldinn var fundur á heimili eins hluthafa stefnanda 16. október 2006. Allir hluthafar stefnanda voru viðstaddir þann fund sem hafði margháttaðan tilgang enda haldnir fundir í mörgum einkahlutafélögum og ýmsir löggerningar undirritaðir. Stefndi Þórður Már var einnig viðstaddur fundinn, sem og Magnús Kristinsson, forsvarsmáður MK-44 ehf. og Suðureyjar ehf. Þá var lögmaður viðstaddur sem stjórnaði hluthafafundum þeim sem haldnir voru og lögfræðingur og löggiltur endurskoðandi frá KPMG Endurskoðun hf.

Meðal þeirra skjala sem voru undirritað voru fundargerðir tveggja hluthafafunda þar sem systkinin voru kjörin í stjórn dótturdótturfélaga stefnanda og hlutafé þeirra félaga beggja hækkað stórlega og nöfnum félaganna breytt í Eignarhaldsfélagið SK II ehf. og Eignarhaldsfélagið SKE II. ehf. Samþykktum þessara félaga mun hafa verið breytt í samræmi við þetta við sama tækifæri. Að þeim fundum afstöðnum voru tveir kaupsamningar undirritaðir þar sem hvort dótturdótturfélag keypti hlutafé í Þúfubjargi ehf. af Fjárfestingafélaginu Brekku ehf. sem samtals nam 50% hlutafjár þess á 800.000.000 króna. Félagin MK 44 II. ehf. og Suðurey ehf. munu hafa keypt hin 50% hlutafjárins samhliða fyrir 800.000.000 króna.

Nokkuð ljóst liggur fyrir í málinu að umsamið kaupverð fól í sér sammingsniðurstöðu hlutaðeigandi aðila en byggðist ekki á sérstöku skriflegu verðmæti. Fyrir utan hlutafé að verðmæti 100.000.000 króna fólust ekki hlutræn verðmæti í félaginu. Sýnist fyrir liggja að kaupverðið hafi tekið mið af huglægu mati kaupenda á verðmæti viðskiptahugmyndar stefnda Þórðar Mús um að hrinda af stokkunum fjárfestingafélagi og nýta í því samhengi viðskiptavild hans sjálfs og verðmæti þess mannaúts þeirra starfsmanna sem hann hafði í hyggju að fá til liðs við félagið. Ekkert liggur annað fyrir en að kaupsamningar þessir hafi verið gerðir af fúsum og frjálsum vilja allra hluthafa dótturdótturfélaga stefnanda.

Hvorugu stefndu verður lagt til lasts ef hluthafar dótturdótturfélaga stefnanda rituðu undir kaupsamninga óafvitandi um hvað þeir fælu í sér eins og stefnandi byggir á, hafi sú verið raunin. Sá málatilbúnaður sýnist nokkuð langsóttur í ljósi þess mikla fjölda skjala sem undirrituð voru á stað og stund tengd þessum viðskiptum í víðu samhengi og hversu miklir viðskiptahagsmunir voru þar til umfjöllunar og í húfi fyrir hluthafana, að þeir hafi óafvitandi um efni viðskiptanna ritað nöfn sín undir hvert skjalið á fætur öðru. Er þess að auki ógetið að slík framganga, hafi henni verið til að dreifa, gæti ekki orðið á annarra ábyrgð en þeirra sem halda myndu svo á sínum hagsmunum.

Í ljósi alls umfjöllunarefnis fundarins, er laut að mörgum gerningum og í raun mörgum fundum, verður ekki á þá staðhæfingu stefnanda fallist að stefndi Þórður Már og Kristinn hafi framkvæmt sérstaka fléttu með mikilli leynd enda á staðhæfing stefnanda sér enga stoð í samtímagögnum. Engin samtímagögn liggja fyrir um að hluthafarnir eða einhverjir á þeirra vegum hafi haft uppi neinar efasemdir eða gert athugasemdir við þær ráðagerðir sem að var stefnt. Hvorki á þessum fundum né á næstu misserum og árum.

Framburðir fyrir dómi sem hnigu að slíku, sem gefnir voru ríflega 15 árum eftir málsatvik, voru hvorki svo glöggir né hnitmiðaðir að rök standi til slíkra ályktana á grundvelli þeirra. Horfa verður til þess að sönnunargildi þessara munnlegu framburða um atvik málsins er afar takmarkað við þessar aðstæður. Framburðirnir voru að auki næsta óljósir um minningu hluthafanna um það sem fram fór á fundunum sem áttu sér stað þennan dag. Verður því þannig hafnað að sannað sé að hluthafarnir hafi verið á einhvern hátt blekkir í þessum viðskiptum í þeim tilgangi að gefa stefnda Þórði Má verðmæti sem námu 1,6 milljörðum króna.

Aðilar sem standa sem jafnokar að frjálsum viðskiptum verða ekki dregnir til sakarábyrgðar fyrir að semja um hátt kaupverð sem ekki sér stoð í hlutrænum gögnum eða skriflegum gögnum. Á hvorugan aðilann hallaði og engin knýjandi þörf kallaði á að gengið yrði til þessara viðskipta önnur en löngun aðila til að standa saman að rekstri fjárfestingafélags. Kristinn Björnsson var þrautreyndur í viðskiptum og stóð án vafa að þessum viðskiptum með sína eigin hagsmuni að leiðarljósi sem og hinna hluthafa stefnanda sem áttu jafn mikilla hagsmuna að gæta og hann. Hvað stefnda Þórð Má snertir verður ekki séð með hvaða rökum hann eigi að bera sök á því að stefnandi keypti af honum helming hlutafjár Þúfubjargs ehf. við því verði sem um var samið. Ekki er á því byggt að hann hafi leynt því hvaða verðmæti fólust í Þúfubjargi ehf. enda óhægt um vik þar sem

þau fólust eingöngu í skráðu eigin fé félagsins, að auki er ósannað, samanber framangreint, að hann hafi blekkst stefnanda eða hluthafa hans í þeim efnum.

Á þeim misserum sem stefndi Þórður Már kom að rekstri Gnúps fjárfestingafélags hf. var því aldrei hreyft af hálfu stefnanda eða einstakra hluthafa hans að stefndi hefði sýnt af sér saknæma háttsemi, hvað þá að því hafi verið haldið fram í hverju hún eigi að hafa verið fólgin. Það er fyrst með þessari málsókn sem þau orð eru höfð uppi af hálfu stefnanda að kaup dótturdótturfélaga stefnanda á helmingshlut í Þúfubjargi ehf. hafi verið blekkingarleikur og falið í sér sýndargerning eins og það var orðað. Engum haldbærum skýringum hefur verið telft fram um það hvað hafi knúið þrautreynda viðskipamenn eins og Kristinn og Magnús Kristinsson til að gefa einkahlutafélagi stefnda Þórðar Más 1.600.000.000 króna, hafi verið um slíka gjöf að ræða, sem voru svo nýttar á hans vegum til að greiða hluta af hlutafjárframlagi félags á hans vegum við hlutafjárhækkun Þúfubjargs ehf. er því félagi var breytt í Gnúp fjárfestingafélag hf.

Fyrir liggur að stefnandi tók skammtímalán í Glitni banka hf. til tíu daga til að greiða einkahlutafélagi stefnda, Fjárfestingafélaginu Brekku ehf., fyrir hlutinn. Það liggur líka fyrir að þessi greiðsla, ásamt annarri sambærilegri frá félögum sem Magnús Kristinsson veitti forstöðu, gerði einkahlutafélagi stefnda Þórðar Más kleift að borga hluta af því hlutafé Gnúps fjárfestingafélags hf. sem félag hans hafði skrifað sig fyrir og var í heild 2.000.000.000 króna. Málalíbúnaður stefnanda í þessu tilliti lýtur að því að með þessu hefði hlutafjáreign stefnanda verið þynnt út. Með því sem stefnandi kallar Þúfubjargisfléttuna hafi stefnda Þórði Má verið gert kleift að reiða fram hlutafé sem þar með hafi rýrt hlut stefnanda.

Í þessu samhengi verður að halda til haga að eftir kaup stefnanda og félaga sem Magnús Kristinsson var í forsvari fyrir á sitthvorum helmingi hlutafjár Þúfubjargs ehf. átti stefndi Þórður Már og félög sem hann var í forsvari fyrir ekkert hlutafé í félaginu. Á hinn bóginn liggur líka fyrir að þennan sama dag var hlutafé Þúfubjargs ehf. hækkað með hlutafjárframlögum samhliða því að nafni félagsins var breytt í Gnúp fjárfestingafélag hf. Í fundargerð fundarins kom skýrt fram að félag stefnda Þórðar Más, Fjárfestingafélagið Brekka II ehf., skrifaði sig fyrir 6,1% af hlutafjárhækkuninni sem greiða skyldi með reiðufé. Fundarmenn, þar með taldir þáverandi hluthafar stefnanda, gátu því ekki farið í grafgötur um aðild þess félags að hlutafjárukningunni. Eðli máls samkvæmt gat ekki komið til þessarar þátttöku nema hluthafar sem fyrir voru á fleti væru því samþykkir. Ekkert kemur fram í fundargerð fundarins um andstöðu við þessa ráðagerð. Þvert á móti

tóku allir hluthafar stefnanda og dótturfélaga hans þátt í fundinum og rituðu athugasemdalaust undir fundargerðina. Stefndi Þórður Már greiddi sitt framlag með reiðufé, bæði nefndar 1.600.000.000 króna sem og 400.000.000 króna sem hann greiddi sjálfur eftir því sem fyrir liggur í gögnum málsins.

Það að Gnúpur fjárfestingafélag hf. hafi síðan greitt 800.000.000 króna skammtímalán stefnanda til baka 24. október 2006 fól í raun í sér efndir samningsskuldbindingar sem gerð er grein fyrir í fundargerð fundarins þar sem hlutfjárhækkun Gnúps fjárfestingafélags hf. var afráðin. Þar var sérstaklega tekið fram að samþykkt væri að yfirtaka skuldir við Glitni banka hf. og fleiri bankastofnanir sem hvíldu á þeim eignum sem framseldar yrðu til greiðslu hlutfjárhækkunarinnar. Fyrir liggur að stefnandi greiddi sinn hlut með framsali hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. en þó sérstaklega í FL Group hf. þar sem hann átti til muna stærri hlut. Miðað við gögn málsins og framburð endurskoðanda Gnúps fjárfestingafélags hf. fyrir dómi sýnist óhætt að leggja til grundvallar að hlutafé dótturfélaga stefnanda í þessum tilgreindu félögum hafi staðið lánunum frá Glitni banka hf. sem viðskiptabanka stefnanda til tryggingar. Undir þessa fundargerð rituðu allir þáverandi hluthafar stefnanda eins og áður gat án athugasemda. Sú skýring sem stefndi Þórður Már gaf í framburði sínum á því hvernig staðið var að endurgreiðslunni, að ekki hefði gefist ráðrúm til að koma skuldskeytingu skuldarinnar í kring, fær stoð í framburði endurskoðanda félagsins sem staðfesti skýringuna fyrir dómi. Af þeim sökum hafi lánsfjárhæðin verið greidd til dótturfélaga stefnanda sem ráðstöfuðu henni síðan til stefnanda sem greiddi hana til Glitnis banka hf. Greiðsla lánsfjárhæðarinnar fól þannig ekki í sér ólögmæta úthlutun fjármuna úr Gnúpi fjárfestingafélagi hf. í andstöðu við ákvæði laga um hlutfélög eins og stefnandi hefur byggt á.

Í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að skilyrðum laga til að fella skaðabótskyldu á stefndu á grundvelli sakarreglu sé ekki fullnægt vegna skaðabótarköfu að fjárhæð 800.000.000 króna. Engri saknæmri háttsemi er til að dreifa, hvorki hvað varðar greiðslu kaupverðs Þúfubjargs ehf. né í tengslum við hækkun hlutfjár Gnúps fjárfestingafélags hf. Fleira kemur þó til sem leiðir til sömu niðurstöðu sem rakið verður hér síðar.

Krafa að fjárhæð 1.500.000.000 króna.

Stefnandi byggir kröfu sína á nokkrum atriðum sem lagt hefðu grunn að því að tekin hafi verið röng ákvörðun um að taka þátt í hækkun hlutfjár Gnúps fjárfestingafélags hf. 11.

nóvember 2007 sem hafi verið hrundið í framkvæmd 15. nóvember 2007. Þannig hafi upplýsingar skort í ársreikningi 2006 og í árshlutareikningi miðað við 30. júní, einkum um framvirka samninga félagsins. Þá hafi upplýsingum verið leynt á upplýsingafundi sem hefði verið haldinn 10. ágúst 2007 sem hefði leitt til þess að tekin hafi verið röng ákvörðun um þátttöku í fyrrnefndri hlutafjánhækkun. Kristinn hafi ásamt stefnda Þórði Má komið í veg fyrir að stefnandi gæti lagt rétt mat á tillögur um hlutafjánhækkun þá sem fram fór í nóvember 2007. Af hálfu stefndu hefur hvoru tveggja verið mótmælt, fullnægjandi sé að gera grein fyrir nettóstöðu framvirkra samninga meðal skammtímalána í ársreikningi, öndverðum fullyrðingum var mótmælt sem ósönnuðum. Gildi nefnds árshlutareiknings er einnig mótmælt þar sem um óundirrituð og óstaðfest drög sé að ræða. Fundurinn 10. ágúst 2007 hafi síðan verið almennur fundur sem hafi ekki verið haldinn í samhengi við hlutafjánhækkun sem fram fór þremur mánuðum síðar.

Stefnandi hefur ekki stutt staðhæfingar sínar fullnægjandi sönnunargögnum um að ársreikningur stefnanda hafi verið haldinn þeim ágöllum að á honum verði ekki byggt. Jafnframt verður ekki séð á hvern hátt Kristinn hafi átt að beita stefnanda blekkingum eða halda upplýsingum leyndum fyrir stefnanda hvað þetta álitaefni varðar enda hefði sú blekking verið einhvers konar sjálfsblekking í ljósi þess að hann var forvígismaður stefnanda á þessum tíma. Slíkt verður því ekki lagt til grundvallar gegn mótmælum stefndu en þrátt fyrir áskilnað í stefnu hefur stefnandi ekki aflað dómkvadds mats máli sínu til stuðnings hvað þetta varðar. Stefnandi hefur á hinn bóginn aflað álits tveggja aðila, annars vegar á nokkrum atriðum er tengist rekstri Gnúps fjárfestingafélags hf., meðal annars um svonefndar stöðutökur og viðskipti, og hins vegar um færslur við stofnun Gnúps fjárfestingafélags hf. Sönnunargildi þessara skýrslna var mótmælt af hálfu stefndu auk þess sem höfundar þeirra komu ekki fyrir dóm, enda standa lög ekki til þess að leidd séu sérfræðivitni, samanber dóma Hæstaréttar í máli nr. 141/2017 frá 1. mars 2018 og Landsréttar í máli nr. 236/2020 frá 29. apríl 2020. Verða þessar skýrslur því ekki lagðar til grundvallar hvað ályktanir höfunda þeirra varðar.

Hvað varðar upplýsingafund sem haldinn var fyrir hluthafa stefnanda 10. ágúst 2007 verður að mati dómsins ekki hjá því komist að horfa til þess að fundurinn er haldinn í kjölfar þess að hluthafar fengu mjög ríflegar greiðslur vegna kaupa Gnúps fjárfestingafélags hf. á eigin hlutum og vegna arðgreiðslu fáum vikum fyrr. Eins stóð fyrir dyrum að félagið flytti í nýtt húsnæði sem verið var að standsetja. Verður ekki annað ráðið af þessum kringumstæðum og þeim upplýsingum sem veittar voru á fundinum, sem fram

koma á útprentun á kynningarefni sem sýnt var við það tækifæri en að bjartsýni hafi ríkt um rekstur félagsins, að áfram yrði góður arður af. Að mati dómsins verða engar ályktanir dregnar af þeim mismun sem er á framsetningu þessarar kynningar og annarrar sem mun hafa verið nýtt á svipuðum tíma til að kynna félagið fyrir fjármögnunaraðilum á markaði enda markmið þeirrar kynningar gjörólíkt og beint að ólíkum aðilum.

Í fyrrnefndu kynningunni var getið um að nokkrar blikur væru á lofti vegna veikingar krónunnar og óróa á erlendum mörkuðum sem tengdist svonefndum undirmálsveðskuldabréfum í Bandaríkjunum (enska: U.S. subprime credit problems). Þegar lagt er mat á þessar upplýsingar og framsetningu þeirra í kynningunni, í ljósi þeirrar vitneskju sem nú liggur fyrir um þróun mála á síðari helmingi árs 2007, verður ekki séð að stefndi Þórður Már og Kristinn Björnsson hafi haft forsendur til að telja nauðsynlegt að blekkja hluthafa stefnanda eða stefnanda sjálfan.

Áðurnefnd drög að árshlutareikningi sem þá lágu fyrir munu væntanlega einnig hafa rennt stöðum undir væntingar um gott gengi félagsins til framtíðar. Í samhengi við aðrar upplýsingar sem veittar voru á þessum fundi verður ekki séð að forsendur séu til að leggja til grundvallar að kynning þeirra draga hafi verið gerð í blekkingarskygni af hálfu stefnda Þórðar Mús og Kristins Björnssonar. Annað og meira en staðhæfing stefnanda þarf til að koma svo að felld verði skaðabótaskylda á stefndu á þeim grunni.

Jafnvel þótt lagt yrði til grundvallar að gengið hafi verið langt af hálfu Gnúps fjárfestingafélags hf. í viðskiptum með framvirka samninga eru engar forsendur til að ætla að stefndi Þórður Már og Kristinn hafi með sagnæmum og ólögum hætti, jafnvel refsiverðum hætti, eins og byggt var á af hálfu stefnanda í málflutningi, staðið fyrir blekkingum gagnvart hluthöfunum eða félaginu sjálfu í ágúst 2007 til að fá þá aðila til að samþykkja hlutfjárhækkun og kaup á eigin bréfum Gnúps fjárfestingafélags hf. í nóvember 2007. Hlutrænar upplýsingar tengdar rekstri Gnúps fjárfestingafélags hf. í ágúst benda þvert á móti til þess að það hafi ekki komið þeim tveimur, stefnda Þórði Má og Kristni, svo fyrir sjónir að Gnúpur fjárfestingafélag hf. væri á heljarþröm kominn. Um það ber mjög há arðgreiðsla úr félaginu öndverðu vitni sem og stórhuga framkvæmdir við nýja skrifstofuaðstöðu fyrir félagið. Engar vísbendingar eru heldur um að hluthafar hafi verið þannig tvístígandi um málefni Gnúps fjárfestingafélags hf. í ágúst að nauðsynlegt hefði verið að blekkja þá eða stefnanda.

Fyrir liggja upplýsingar í málinu um að langstærsta hlutabréfaeign Gnúps fjárfestingafélags hf. sem fólst í hlutabréfum FL Group hf. hafi rýrnað að verðmæti um

40% frá því í júlí 2007 til ársloka. Óháð afdrifum framvirkra samninga sem Gnúpur fjárfestingafélag hf. hafði gert á þessum tíma er ótvírætt að gríðarlegt verðfall sem þetta hefur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir verðmæti eiginfjár Gnúps fjárfestingafélags hf. Þegar tilvitnaður fundur var haldinn í ágústbyrjun var nýhafin gríðarmikil lækkun verðmætis hlutfjár FL Group hf., sem átti sér stað á næstu mánuðum, sem fundarmönnum var augljóslega algerlega ókunnugt um.

Það verður þannig ekki séð að það eigi við rök eða sönnun að styðjast að fundarefnið á fyrrnefndum kynningarfundum hafi verið sniðið að því að kasta ryki í augu hluthafa þannig að þeir myndu fallast á hækkun hlutfjár og kaup á eigin hlutum Gnúps fjárfestingafélags hf. Þremur mánuðum síðar, 11. nóvember 2007, sem hrundið var í framkvæmd í kjölfar lánveitingar Glitnis banka hf. til stefnanda 15. nóvember 2006

Af gögnum málsins sést að forsvarsmenn FL Group hf. voru með umfangsmiklar ráðagerðir með það fyrir augum að rétta efnahag þess félags af sem gekk svo ekki eftir eins og alkunnugt er. Þessi erfiða staða FL Group hf. hafði beina afleiðingu á stöðu Gnúps fjárfestingafélags hf. og leiddi til krafna Glitnis banka hf. um að stefnandi, sem og aðrir hluthafar, myndi standa að aukningu eigin fjár Gnúps fjárfestingafélags hf. Það var gert með hlutfjárauðningu og kaupum á eigin hlutum af félaginu sem hluthafar höfðu selt til félagsins áður, meðal annars þá um sumarið.

Auk þeirra vandræða sem verðfall FL Group hf. hafði á fjárhagsstöðu Gnúps fjárfestingafélags er til þess að líta, að fyrir liggur að eldri lánsamningar stefnanda við Glitni banka hf. voru tryggðir með veði í hlutabréfum Gnúps fjárfestingafélags hf. Í þeim lánsamningum var heimild til að krefjast viðbótartrygginga ef eigið fé félagsins rýrnaði um tiltekin hlutföll. Við slíkum kröfum (enska: Margin call) varð að bregðast að því viðlögðu að gripið yrði til vanefndaúrræða sem fælust í að hin veðsettu hlutabréf yrðu seld að því marki sem nauðsyn krefði til að náð yrði umsömdum veðhlutföllum. Við þessar aðstæður undirritaði stefnandi lánsamning við Glitni banka hf. að fjárhæð 1.501.501.502 krónur en að frádregnu 0,10% lántökugjaldi komu 1.500.000.000 króna til útborgunar sem nýttar voru til þess að freista þess að styrkja eiginfjárhlutfall Gnúps fjárfestingafélags hf. með það að markmiði að koma í veg fyrir slík vanefndaúrræði. Í þessu ljósi, að stefnandi var ekki að uppfylla skilyrði fyrirliggjandi lánsamnings, og Gnúpur fjárfestingafélag hf. stóð mjög höllum fæti vegna rýrnunar á eigin fé og raunar vegna lausafjárskorts, blasti við að stefnanda voru tveir kostir tækir, annaðhvort að gefa hlutfjáreign í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. upp á bátinn, sem hefði jafnframt leitt til gjaldfellingar útistandandi

lána, eða freista þess að berja í brestina með því að styrkja lausafjárstöðu Gnúps fjárfestingafélags hf. og auka eigið fé þess félags í von um að félaginu myndi vaxa svo fiskur um hrygg að það stæði af sér ágjöfina.

Þótt þessi tilraun til að bjarga rekstri Gnúps fjárfestingafélags hf. og þar með stefnanda sjálfum hafi runnið út í sandinn þannig að Gnúpur fjárfestingafélag hf. var yfirtekið af Glitni banka hf. 8. janúar 2008 og stefnandi 13. ágúst 2008 verður ekki felld sakarábyrgð á stefndu á þeim grunni að saknæmt og ólöglegt hafi verið að taka lán í þeim tilgangi að kaupa til baka eigin bréf Gnúps fjárfestingafélags hf. sem félaginu höfðu verið seld þá um sumarið og leggja jafnframt fram aukið hlutafé. Verður í þessu sambandi sérstaklega að líta til þess að þessi björgunartilraun var stefnanda eins útlátalaus og nokkur kostur var á. Fé það sem greitt var Gnúpi fjárfestingafélagi hf. af þessu tilefni var allt fengið að láni hjá Glitni banka hf. með veði í hlutabréfum Gnúps fjárfestingafélags hf. sem þegar voru veðsett fyrir. Áhætta stefnanda sem var ærin fyrir jókst því ekki í raun heldur virðist hafa hvílt á bankanum fyrst og fremst. Þá liggur fyrir að stefnandi greiddi lánsfjárhæðina ekki til baka þannig að fjártjón stefnanda vegna þessarar lántöku hefur ekki komið fram og gerir það vart úr þessu vegna ákvæða fyrningarlaga, samanber til dæmis 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Því hefur þegar verið slegið föstu að ósannað sé að stefndi Þórður Már hafi staðið með saknæmum hætti að upplýsingafundinum 10. ágúst 2007 eða gerð ársreiknings. Vandséð er síðan á hvern hátt hann gæti borið sakarábyrgð á tildrögum þess að stefnandi réðst í hlutafjárhækkunina og kaup eigin bréfa. Órökstutt er af hálfu stefnanda og þar með ósannað á hvern hátt hann hefði getað átt aðild að ákvörðun um hlutafjárhækkun stefnanda sem tekin var af meirihluta hluthafa stefnanda á hluthafafundi 11. nóvember 2007 eða lántöku hjá Glitni banka hf. 15. nóvember. Stefndi var í engum starfstengslum við stefnanda. Þá verða engar ályktanir dregnar af því að stefndi hafi ekki tekið persónulega þátt í því að kaupa hlutafé í Gnúpi fjárfestingafélagi hf. á þessum tímamarki. Ólíku er saman að jafna að takast á hendur persónulegar fjárskuldbindingar þegar viðsjár eru í rekstri fyrirtækis heldur en að einkahlutafélag geri það. Í annan stað hefur stefndi fært fram haldbærar röksemdir fyrir því að gera það ekki sökum skattarannsóknar sem hann sætti á þessum tíma.

Samkvæmt framansögðu liggur þannig fyrir að mati dómsins að ósannað sé að stefndu beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna lántöku 15. nóvember 2007 og ráðstöfun þess lánsfjár. Fleira kemur þó til sem hnígur að sýknu stefndu.

Ákvæði samnings frá 13. ágúst 2008 við Glitni banka hf.

Þegar systkinin seldu hlutafé sitt til Glitnis banka hf. 13. ágúst 2008 var sérstaklega um það samið að engir eftirmálar yrðu gagnvart þeim, hvorki af hálfu bankans né annarra sem kynnu að eignast hlutafé stefnanda síðar. Ákvæði samningsins er svohljóðandi:

Glitni banki hf. lýsir því yfir að kaupandi muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hafa í rekstri Lyfjablóms ehf. eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun samnings þessa og telji að félög innan samstæðunnar eigi engar kröfur á hendur hluthöfunum. Er sú yfirlýsing bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kynnu að eignast hlutafé í Lyfjablómi ehf. eða félögum innan þeirrar samstæðu.

Byggt er á því af hálfu stefndu Sólvéigar að stefnandi sé skuldbundinn af þessari yfirlýsingu þannig að sýkna beri hana þegar af þeirri ástæðu enda málsókn þessi ósamrýmanleg skuldbindingunni sem í samningsákvæðinu felst. Af hálfu Glitnis HoldCo ehf. var staðfest fyrir dómi að núverandi hluthafa hafi verið kunnugt um þetta samningsákvæði þegar hann keypti hlutafé stefnanda. Á móti því hefur ekki verið mælt af hálfu núverandi hluthafa félagsins. Þess í stað hefur verið byggt á því að þessi samningsskuldbinding sé óskuldbindandi fyrir hann þar sem hann hafi ekki samþykkt hana sérstaklega.

Við blasir, þegar yfirlýsing þessi er skoðuð í ljósi annarra ákvæða samnings systkinanna við Glitni banka hf. og kringumstæðnanna þegar salan fór fram, að markmið hennar var einmitt að koma í veg fyrir eftirmála í kjölfar sölu hlutafjárins. Í þessu samhengi verður sérstaklega að horfa til þess að systkinin höfðu í samræmi við lagaskyldu þar að lútandi óskað gjaldþrotaskipta á félaginu en sú beiðni var dregin til baka þegar bankinn keypti hlutaféð. Næsta langsótt er að ætla að skiptastjóri sem hefði verið skipaður í kjölfar gjaldþrots hefði efnt til málsóknar á þeim grunni sem þessi málsókn er reist á enda kaup á hlutafé og lántaka í þeim tengslum tæpast meðal óvanalegra rifanlegra ráðstafana í skilningi laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Málshöfðun sú sem hér er til úrlausnar er í beinni andstöðu við efni samnings systkinanna og Glitnis banka hf. og fyrir því hafa ekki verið færð málefnaleg rök hvers vegna stefnanda er tækt að hunsa tilvitnað samningsákvæði sem hann var grandsamur um er hann keypti félagið. Í þessu sambandi verður einnig sérstaklega að halda því til haga að núverandi hluthafi átti enga formlega aðild að rekstri stefnanda er umþrætt málsatvik áttu sér stað og varð því ekki fyrir neinu tjóni persónulega eftir því sem ráðið verður af gögnum

málsins. Málshöfðun þessi gengur þvert gegn bindandi ákvæði þessa samnings um framsal hlutafjárins til Glitnis banka hf. Verður því á það fallist með stefndu að stefnandi sé skuldbundinn til að halda í heiðri samning sem allir hluthafar stefnanda gerðu á sínum tíma við Glitni banka hf. Sú réttarstaða leiðir til sýknu stefndu Sólveigar Guðrúnar.

Málshöfðunarfrestir laga um einkahlutafélög og laga um hlutafélög - fyrning

Fyrir liggur að Kristinn Björnsson kom að kaupum á hlutafé Þúfubjargs ehf. og var í hópi hluthafa Lyfjablóms ehf. sem allir rituðu undir kaupsamninga þar að lútandi. Eins er það óumdeilt að hann, ásamt stefnda Þórði Má og Magnúsi Kristinssyni, hafði forgöngu um að ýta Gnúpi fjárfestingafélagi hf. úr vör. Að þessum verkum kom hann innan vébanda stefnanda og dótturfélaga þeirra. Á sama hátt hafði hann forgöngu um það á vettvangi stefnanda og dótturfélaga að hlutast til um að haldinn yrði upplýsingafundur 13. ágúst 2008 fyrir þá hluthafa og beitti sér síðan fyrir því að tekið yrði lán í þeim tilgangi að bæta lausafjárstöðu Gnúps fjárfestingafélags hf. og styrkja eigið fé félagsins með kaupum á hlutafé 15. nóvember 2007. Að öllum þessum verkum kom Kristinn í krafti samningsákvæðis í hluthafasamningi sem gerður var 16. október 2006, við sama tækifæri og Gnúpi fjárfestingafélagi hf. var hrundið af stokkunum og hlutafé félagsins gekk kaupum og sölum auk þess sem það var hækkað eins og að framan greinir. Í nefndu samningsákvæði hluthafasamningsins var afdráttalaust tekið fram að Kristinn væri í fyrirsvari fyrir þann hluthafahóp sem dótturfélög stefnanda mynduðu en undir þennan samning skrifuðu allir þáverandi hluthafar stefnanda.

Þær ávirðingar sem Kristni eru bornar á brýn í máli þessu falla þannig að ákvæði 108. gr. laga um einkahlutafélög þar sem kveðið er meðal annars á um að stjórnarmenn einkahlutafélags séu skyldir til að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga eða samþykktum félags. Enn fremur er til 2. mgr. 108. gr. að líta sem kveður á um að hluthafi sé skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögnum eða samþykktum félagsins.

Á þeim tíma sem málsatvik gerðust hafði sá sem bóta vildi krefjast á grundvelli 108. gr. laga um einkahlutafélög tveggja ára frest sem talinn væri frá næstu áramótum í samræmi við 110. gr. laganna sem þá var í gildi. Samkvæmt því ákvæði var skylt að höfða mál, meðal annars á hendur stjórnarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess

reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin sem málið byggist á var samþykkt eða gerð. Eina undantekningin var ef krafan byggðist á refsiverðum verknaði.

Lagaákvæði þetta var fellt úr gildi með lögum nr. 68/2010, um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.). Tillaga að brottfalli ákvæðisins var borin upp sem breytingatillaga við frumvarpið af viðskiptanefnd Alþingis og lagt til grundvallar í athugasemdum að eftirleiðis myndu almenn fyrningarlög gilda í þessum efnunum. Af hálfu nefndarinnar var sérstaklega tekið fram að breytingunni væri ætlað að virka afturvirk. Því hefur á hinn bóginn verið slegið föstu af dómstólum að í málshöfðunarfresti 110. gr. felist fyrningarregla, samanber dóma Hæstaréttar í máli nr. 614/2011 frá 7. desember 2011 og nr. 40/2017 frá 9. maí 2018, og að lagabreytingin hafi ekki áhrif á kröfur sem þegar hafi verið fyrndar við setningu laganna.

Í síðarnefndum dómi Hæstaréttar var talið að krafa í málinu væri niður fallin að því marki sem hún hefði verið reist á reglum um skaðabætur. Svo háttar einnig til í máli því sem hér er til úrlausnar að kröfur stefnanda byggjast á reglum um skaðabætur.

Í málflutningi stefnanda var meðal annars lögð áhersla á að ekki reyndi á fyrningu þar sem tjón hans stafaði af refsiverðri háttsemi stefnda Þórðar Más og Kristins Björnssonar. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist enda liggja ekki fyrir upplýsingar um að nokkur hafi verið kærður og sakfelldur fyrir refsiverða háttsemi í tengslum við sakarefni máls þessa, fremur en við átti í framangreindum dómi þar sem komist var að sambærilegri niðurstöðu. Eðli máls samkvæmt standa engin rök til umfjöllunar um slíkar ávirðingar í máli sem rekið er á grundvelli laga um meðferð einkamála.

Skaðabótakrafa stefnanda að fjárhæð 800.000.000 króna lýtur að atvikum sem áttu sér stað 16. október 2006. Upphaf málshöfðunarfrests samkvæmt 110. gr. laga um einkahlutafélög hófst þannig 31. desember 2006. Samkvæmt því hefði þurft að höfða skaðabótamál sem þetta á hendur stefndu Sólveigu eigi síðar en í árslok 2008. Hvað skaðabótakröfu stefnanda að fjárhæð 1.500.000.000 króna varðar lýtur hún að atvikum sem áttu sér stað á árinu 2007 en bótafjárhæðin tekur mið af ákvörðun hluthafafundar 11. nóvember 2007 og útgáfu lánssamnings 15. nóvember sama ár. Upphaf málshöfðunarfrests samkvæmt 110. gr. laga um einkahlutafélög hófst þannig 31. desember 2007. Samkvæmt því hefði þurft að höfða skaðabótamál sem þetta á hendur stefndu Sólveigu eigi síðar en í árslok 2009. Fyrirnefnd breytingalög nr. 68/2010 tóku gildi 24. júní 2010, ríflega átján mánuðum eftir að málshöfðunarfrestur vegna kröfu að fjárhæð

800.000.000 króna samkvæmt 110. gr. var runninn út og rúmlega sex mánuðum eftir að málshöfðunarfresturinn vegna kröfu að fjárhæð 1.500.000.000 króna var runninn út.

Samkvæmt þessu eru allar kröfur fyrndar á hendur stefndu Sólveigar Guðrúnar, væri talið að Kristinn Björnsson hefði gengið fram með skaðabótaskyldum hætti.

Fyrir liggur í málinu að stefndi Þórður Már kom á engan hátt að stjórn einkahlutafélaga í samstæðu stefnanda þannig að hann verður ekki dreginn til ábyrgðar vegna bótakröfu stefnanda að fjárhæð 800.000.000 króna með vísan til 108. gr. laga um lausafjárkaup líkt og stefnandi byggir á í máltilbúnaði sínum. Á sama hátt var Þúfubjargi ehf. fyrst breytt í hlutafélag á margnefndum fundi 16. október 2006 en stefndi var ekki kjörinn í stjórn þess félags við það tækifæri. Að því marki sem skaðabótaábyrgð stefnda vegna þessara atvika kæmi til skoðunar myndi það vera á grundvelli ólögfesta skaðabótareglna en um fyrningu þeirra giltu á þessum tíma lög nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna fyrntust skaðabótakröfur á 10 árum og miðaðist upphaf fyrningarfrests við þegar hin bótaskylda háttsemi átti sér stað. Hugsanleg krafa gagnvart stefnda fyrntist þannig 16. október 2016. Engar forsendur eru til að leggja til grundvallar lengingu þess frests í krafti 7. gr. laganna enda ósannað með öllu að stefndi hafi sviksamlega dregið dul á eða vanrækt að skýra frá atvikum sem honum hafi borið skylda til að skýra frá. Í því sambandi verður að halda til haga að stefndi hefur ekki haft afskipti af rekstri Gnúps fjárfestingafélags hf. frá 9. janúar 2008 og því ekki verið í aðstöðu til þess að ganga svo fram sem áskilið er í 7. gr. frá þeim tíma en um það hefur stefnandi sönnunarbyrði sem hann hefur ekki risið undir.

Hvað síðari kröfu stefnanda að fjárhæð 1.500.000.000 króna varðar er byggt á 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög um bótagrundvöll gagnvart báðum stefndu og þá væntanlega sem stjórnarmönnum Gnúps fjárfestingafélags hf.

Nefnt ákvæði felur í sér samhljóða bótareglu eins og 108. gr. laga um einkahlutafélög að breyttu breytanda og á þessum tíma höfðu lög um hlutafélög að geyma reglu um sams konar tveggja ára málshöfðunarfrest í 136. gr. laganna eins og fyrrnefndu lögin. Reglan um málshöfðunarfrestinn var felld niður með sömu breytingalögunum nr. 68/2010 sem tóku gildi 24. júní 2010. Með nákvæmlega sama hætti og rakið var hér að framan um fyrri kröfu stefnanda með vísan til 110. gr. laga um einkahlutafélög féll þessi krafa niður gagnvart báðum stefndu í árslok 2009 að því marki sem byggt er á 134. gr. laga um hlutafélög og þá með vísan til 136. gr. sem þá gildi.

Í títtnefndum dómi Hæstaréttar nr. 40/2017 var því jafnframt slegið föstu að við aðstæður sem þessar yrði kröfu einkahlutafélags um skaðabætur, meðal annarra úr hendi stjórnarmanna, ekki komið fram á öðrum grundvelli. Leggja yrði til grundvallar að krafa væri niður fallin af þeim sökum að því marki sem hún væri reist á reglum um skaðabætur. Í þessu ljósi standa engin rök til þess að fallast á málsástæðu stefnanda um að stefnda Sólveig beri ábyrgð samkvæmt almennri ólögfestri sakarreglu skaðabótaréttar enda hefur ekki verið bent á nein þau atvik er lúti að bótakröfum stefnanda sem stefnda kunni að bera ábyrgð á vegna verka Kristins sem ekki falli undir ákvæði laga um einkahlutafélög eða lög um hlutafélög. Að sama bruni ber hvað síðari kröfu stefnanda snertir gagnvart stefnda Þórði Má að hún er niður fallin fyrir fyrningu.

Réttaráhrif tómlætis

Hvað sem líður réttarreglum um brottfall krafna stefnanda á grundvelli fyrningar er á því byggt af hálfu beggja stefndu að kröfur stefnanda séu fallnar niður á grundvelli ólögfestrar reglu um tómlæti með vísan til þess langa tíma sem liðinn er frá umþrættum málsatvikum.

Því hefur verið slegið föstu af dómstólum og um það fjallað af hálfu fræðimanna að forsendur kunni að vera til þess að kröfur falli niður af þessari ástæðu, bæði vegna tillitsskyldu gagnvart gagnaðila en ekki síður sökum þess að eftir því sem lengra líður frá málsatvikum verður gagnaöflun erfiðari af beggja hálfu.

Möguleikar aðila þessa dómsmáls til að afla gagna um atvikin og leiða vitni sem geta munað eitthvað um þau, og samskipti sem úrslitum kunna að ráða um afstöðu til krafna stefnanda, eru til muna takmarkaðri en verið hefði ef mál hefði verið höfðað innan skamms tíma frá því að atvikin urðu. Þessar aðstæður komu skýrt fram við aðalmeðferð málsins þar sem þeir sem gáfu skýrslu sem vitni mundu sáralítið um málsatvik. Það að svo langur tími líði frá atvikum þar til hafist er handa við málshöfðun er einnig til þess fallið að stuðla að því að mögulegur bótaréttur stefnanda sé fallinn niður enda máttu stefndu í ljósi allra málsatvika leggja til grundvallar að málefni stefnanda og Gnúps fjárfestingafélags hf. væru þeim óviðkomandi með öllu úr því sem komið væri er mál þetta var höfðað. Er sérstaklega til þess að líta að bæði félögin komust í eigu Glitnis banka hf. á árinu 2008 en rækilega var farið yfir málefni þeirra á næstu árum þar á eftir, samkvæmt því sem fram kom fyrir dómi.

Stefnanda er ekki tækt að réttlæta það gagnvart stefndu að hafa ekki hafist handa við málsókn fyrr en árið 2017 með þeim rökum að örðugleikar hafi verið á gagnaöflun. Er

fyrst til þess að líta að Glitnir hf. hafði aldrei á þeim átta árum sem það félag átti stefnanda uppi skaðabótakröfur á hendur stefndu. Það var fyrst þegar núverandi hluthafi eignaðist félagið, árið 2016, sem efnt var án fyrirvara til málsóknar 2017. Í annan stað liggur fyrir að stefndu hafa ekki verið í aðstöðu til að leggjast gegn gagnaöflun á vegum stefnanda síðan á árinu 2008 er afskiptum stefnda Þórðar Más lauk af Gnúpi fjárfestingafélagi hf. og Kristinn Björnsson og systur hans seldu hlutafé stefnanda til Glitnis banka hf. Áréttað skal í þriðja lagi að stefnandi verður ekki samsamaður núverandi hluthafa hvað þetta varðar. Stefnandi getur ekki byggt rétt gagnvart stefndu á mögulegum erfileikum hluthafans sem einstaklings á að afla gagna frá Glitni hf. og öðrum aðilum svo sem endurskoðunarfyrtækjum á þeim tíma sem Glitnir hf. átti hlutafé stefnanda.

Með svo síðbúinni málsókn sýndi stefnandi af sér stórfellt tómlæti um að gera athugasemdir við stefndu vegna þessara viðskipta og glataði þar með öllum hugsanlegum rétti með því að hafa ekki hreyft slíku án ástæðulauss dráttar. Af dómafordæmum Hæstaréttar, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 178/2014 frá 1. apríl 2014, verður ályktað að tómlæti hafi meiri áhrif á réttarstöðu aðila en almennt er þegar höndlað er með verðbréf og viðskipti af þeim toga sem hér um ræðir. Í tilvitnuðum dómi er einnig vísað til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sem stefndi Þórður Már styður varnir sínar meðal annars við, en í nefndum dómi er því slegið föstu að lagaákvæði þetta sé reist á þessum meginreglum kröfuréttar um tómlæti. Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn að stefnandi hafi glatað fyrir tómlæti sérhverjum rétti sem hann gæti hafa átt á hendur báðum stefndu.

Stefndu verða samkvæmt þessu bæði sýknuð í málinu í ljósi þess að komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að ósannað sé að stefnandi eigi skaðabótakröfur á hendur þeim en jafnframt að ef slíkum kröfum hefði verið til að dreifa hefðu þær fyrnst í aðalatriðum í árslok 2008 og 2009 auk þess sem allur mögulegur réttur stefnanda væri fyrir löngu fallinn niður vegna stórfellds tómlætis.

Af hálfu stefndu Sólveigar hafa verið gerðar athugasemdir við málatilbúnað stefnanda sem hafi lagt fram í málinu mikinn fjölda skjala sem komi sakarefni málsins jafnvel ekkert við. Sérstök athugasemd er svo gerð við að stefnandi hafi efnt til sérstaks vitnamáls á meðan á rekstri þessa máls hefur staðið á grundvelli heimildar í 2. málslíð 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála. Á því hafi verið byggt við það tækifæri þegar þess hafi verið krafist að tvær af systur Kristins Björnssonar myndu gefa skýrslu fyrir dómi að sú

skýrslutaka væri málsókn þessari óviðkomandi. Endurrit skýrslutökunnar hafi verið lagt fram að skýrslutökunni afstaðinni. Þessi framgangsmáti sé í brýnni andstöðu við ákvæði laga um meðferð einkamála í héraði, þar á meðal tilvitnað ákvæði 77. gr. Því var hreyft að af þessum sökum hlyti að koma til skoðunar að láta lögmann stefnanda sæta viðurlögum.

Að mati dómsins leikur ekki vafi á að um brýnt brot á málsmeðferðarreglum einkamálaréttar var að ræða af hálfu stefnanda í þessu tilliti enda á því byggt af hans hálfu að efnt væri til sjálfstæðs vitnamáls um ótengd álítaefni eftir því sem fram kemur í úrskurði Landsréttar í máli nr. 399/2020 frá 21. september 2020. Eðli máls samkvæmt gafst lögmonnum stefndu ekki kostur á að gagnsþyrja vitnin út frá sakarefni þessa máls auk þess sem lögmaður stefnda Þórðar Mús var ekki viðstaddur en lögmaður Sólveigar mætti með vitnunum á þeirra vegum. Annað vitnanna kom svo fyrir dóm við aðalmeðferð en hitt gerði það ekki. Átelja verður þennan framgangsmáta af hálfu stefnanda en ekki er alveg nægt tilefni til að ákvarða lögmanni stefnanda sekt á grundvelli 134. gr. laga um meðferð einkamála af þessu tilefni meðal annars sökum þess að framburðarskýrslur þessar hafa efnislega takmarkað vægi.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað eins og greinir í dómsorði, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, en við ákvörðun hans er óhjákvæmilegt að horfa til þess að málið hefur orðið mun umfangsmeira en efni standa til hvað framlagningu dómskjala snertir af hálfu stefnanda auk þess sem svo síðbúin málshöfðun, löngu eftir að málsatvik áttu sér stað sem eru tilefni hennar, hefur augljóslega valdið öllum aðilum máls erfiðleikum við gagnaöflun. Þeir erfiðleikar valda því að framlagning dómskjala er á köflum óskipulögð og brotakennd en á því verður stefnandi fyrst og fremst að bera ábyrgð eins og hér er í pottinn búið.

Af hálfu stefnanda flutti málið Jón Þór Ólason lögmaður. Af hálfu stefnda Þórðar Mús Jóhannessonar flutti málið Arnar Þór Stefánsson lögmaður. Af hálfu stefndu Sólveigar Guðrúnar Pétursdóttur flutti málið Ragnar Halldór Hall.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Þórður Már Jóhannesson og Sólveig Guðrún Pétursdóttir, eru sýkn af kröfu stefnanda, Lyfjablóms ehf. Stefnandi greiði stefndu hvoru fyrir sig 5.000.000 króna í málskostnað.

Björn L. Bergsson